

1935 – 1946.  
Gjörðabók.  
Mjólkurflutningar í Svarfaðardal.

F – 28/1

Fundargerð.

Ár 1935 þann 30. marz var settur og haldinn fundur með mjókurframleiðendum í Svarfdæladeild K.E.A.

Fundinn setti Ármann Sigurðsson bóndi Urðum og stýrði honum.

Skrifari Gestur Vilhjálmsson.

Þetta gerðist

1. Ármann Sigurðsson skýrði frá gjörðum og starfsemi Mjólkursamlags K.E.A. síðastliðið ár. Þó hafði hann ekki getað mætt á aðalfundi samlagsins svo sem hann var kosinn til á fundi í kaupfélagsdeildinni í vetur, vegna þess að hann fekk ekki að vita um fundinn svo snemma að hægt væri fyrir hann að mæta. Hafði því Vilhjálmur Þór kaupfélagsstjóri borið fram okkar mál á þeim fundi.

Frummælandi las upp rekstursreikning Mjólkursamlagsins yfir s.l. ár svo og hvað hver deild hefði lagt mikið inn af mjólk og hvað hefði verið unnið úr henni.

Uppbót á mjólk framleiðenda á árinu er: 2 aurar pr. kg. og ½ eyrir pr. kg. í samlagsstofnsjóð. Meðalverð á mjólk í samlaginu varð því alls 19,05 aurar pr. kg., en meðalverð hér í deildinni 19,60 aurar pr. kg.

Út frá þessu benti frummælandi á hve geysi nauðsynlegt okkur væri hér að geta komið okkar mjólk á markaðinn og aukið framleiðslu hennar sem mest, þar eð söluhorfur á mjólkurvörum frá samlaginu virðast vera mjög góðar. Þá skýrði hann og frá því að á fundinum hefði verið samþykkt að leyfa okkur að senda mjólk í samlagið þetta ár eins og í fyrra, án þess að gerast regluleigir félagar, en þar sem húsakostur samlagsins væri upp á það minsta gæti sá möguleiki komið fyrir að ekki væri hægt að taka á móti allri þeirri mjólk er að bærast og þá yrði mjólk utansamlagsmanna vísað fyrst frá, þó væri ekki beint líklegt að til þess kæmi á þessu ári.

Útaf þessu urðu allmiklar umræður sem flestar hnigu í þá átt að æskilegra væri að stofna hér mjólkursamlagsdeild.

Svohljóðandi tillaga tillaga kom fram og var samþykkt í einu hljóði:

„Fundurinn samþykkir að stofna mjólkursamlagsdeild innan hreppsins, og sækja um upptöku í Mjólkursamlag K.E.A.

Þá var ákveðið að boða til stofnfundar mjólkursamlagsdeildar sunnudaginn 7. n.m. með auglýsingu á Dalvík og víðar.

Ennfremur kom fram svohljóðandi tillaga sem var samþykkt í einu hljóði.

„Fundurinn samþykkir að fara þess á leit við útibússtjórnann að hann útvegi mjólkurfötur úr tinuðu járn og mjólkurdalla til geymslu mjólkur.“

Fleira ekki fyrir tekið.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið.  
Ármann Sigurðsson  
(fundarstj.)

#### Fundargerð

Ár 1935 þann 7. apríl var fundur um mjólkurmál hreppsins, settur og haldinn í þinghúsi hreppsins að Grund.

Fundinn setti Ármann Sigurðsson bóndi á Urðum. Þá var kosinn fundarstjóri Helgi Símonarson bóndi Þverá.

Skrifari fundarins Gestur Vilhjálmsson.

Þetta gerðist:

1. Vegna þeirra fundarmanna sem ekki voru staddir á fundi um þessi mál 30. f.m. hér á staðnum skýrði Ármann Sigurðsson aftur frá fjárhag Mjólkursamlags K.E.A. fyrir síðastliðið ár svo og gerðum síðasta aðalfundar samlagsins og endurtók aðrar þær skýringar er hann gaf á áður nefndum fundi.
2. Þá var rætt um stofnun mjólkursamlagsdeildar og samþykkt að stofna deildina nú þegar.

Eftirtaldir menn gerðust meðlimir:

1. Gunnlaugur Þorsteinsson Hamri
  2. Guðjón Baldvinsson Skáldalæk
  3. Gunnlaugur Gíslason Sökku
  4. Björn Jónsson Ölduhrygg
  5. Pétur E. Stefánsson Hánefsstöðum
  6. Jón Gíslason Hofi
  7. Hallgrímur Halldórsson Melum
  8. Ármann Sigurðsson Urðum
  9. Sveinbjörn Guðjónsson Hreiðarstöðum
  10. Helgi Símonarson Þverá
  11. Þór Vilhjálmsson Bakka
  12. Gestur Vilhjálmsson Bakkagerði
  13. Daníel Júlíusson Syðra-Garðshorni
  14. Haraldur Stefánsson Ytra-Garðshorni
  15. Stefán Björnsson Grund
  16. Björn Jónsson Tjarnar-Garðshorni
  17. Þórarinn Kr. Eldjárn Tjörn
  18. Ólafur Sigurðsson Syðra-Holti
3. Kosnir 3 menn í deildarstjórn til eins árs

Kosningu hlutu:

Gunnlaugur Gíslason Sökku hlaut 10 atkv.

Helgi Símonarson Þverá - 8 -

Ármann Sigurðsson Urðum - 7 -

með hlutkesti milli hans og Björns Jónssonar Tjarnar-Garðshorni.

4. Þá var rætt um leiðir til að fá fleiri til þess að gerast meðlimir og somuleiðis um hvenær yrði hægt að byrja flutninga.

Engin ákvörðun tekin en umræður hnigu að því að hin nýkosna deildarstjórn sæi þessum málum borgið eins og öðrum málum deildarinnar.

Fleira ekki fyrir tekið.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið.

Helgi Símonarson  
(fundarstj.)

#### Fundargerð

Ár 1935 þ. 8. apríl kom stjórn mjólkurdeildar Svarfaðardals saman til ráðagerðar viðvíkjandi mjólkurflutningi á komandi sumri.

Eftirfarandi tekið fyrir:

1. Kosning formanns. Gunnlaugur Gíslason Sökku hlaut kosningu.
2. Tekin ákvörðun samkvæmt ályktun stofnfundar að auglýsa þeim er taka vilja þátt í mjólkursölu, frest til þess að gefa sig fram til 18. þ.m.
3. Talað var við Baldvin Jóhannsson útibússtj. um mjólkur fragt, varð að samkomulagi með deildarstjórninni og útibússtjóra að fresta fastákvæði flutningsgjalds þar til séð yrði að flutningi loknum hvað unt væri að þrýsta gjaldinu niður.
4. Stjórnin ákvað að útvega sér sýnishorn af deildar reglum er hinar deildir Mjólkursamlags K.E.A. kunna að hafa og gilda innbyrðis með þeim, svo og grenslast um undanþágu frá því að meiga ekki selja mjólkurvörur t.d. á Dalvík þá daga er við ekki flytjum mjólk til Mjólkursamlagsins.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Helgi Símonarson      Ármann Sigurðsson  
Gunnlaugur Gíslason

#### Fundargerð

Ár 1935 þ. 18. apríl hélt stjórn mjólkurdeildar Svarfaðardals fund í kaupfélagshúsinu á Dalvík.

Þetta gerðist:

1. Eftir umtali hjá nefndinni á síðasta fundi hafði Ármann Sigurðsson haldið fund með Svarfdælingum; framan Urða og árangur hans varð sá að um upptöku í deildina sóttu þessir menn:

Jóhannes Stefánsson   Sandá

Hallgrímur Einarsson Klaufabrekknakoti  
Baldvin Arngrímsson Klaufabrekkum  
Ennfremur höfðu bætzt í deildina frá síðasta fundi:  
Þorsteinn Þorsteinsson Hálsi  
Séra Stefán Kristinnsson Völlum  
Kristján Jónsson Uppsölum  
Þorleifur Þorleifsson Hóli.

2. Ármann Sigurðsson skýrði frá að hann hefði skrifað stjórn K.E.A. og sótt um upptöku deildarinnar í Mjólkursamlagið. Mundi þeirri beiðni verða svarað bráðlega.  
Þá hafði hann grenslast eftir hvort deildirnar hefðu sérstakar reglugerðir, og fékk þær upplýsingar hjá samlagsstjóra að deildirnar hefðu ekki aðrar reglugerðir en samþykktir Samlagsins.  
Ennfremur hafði Jónas Samlagsstjóri fullyrt að leyfilegt væri að selja óhindrað mjólk og mjólkurafurðir þeirra daga sem ekki væri hægt að flytja inneftir.
3. Rætt um hvar mjólkurbíllinn skuli hafa viðkomustaði til að taka mjólkurdunka. Ekki tekin fullnaðarákvörðun, en sjálfsagt þótti að reynt yrði að hafa þá sem fæsta með því að heimilin, tvö eða fleiri flyttu mjólkina á ákveðin sama stað, þar sem því yrði viðkomandi.
4. Ákveðið að halda fund með Skíðdælingum næsta laugardag og vita hvaða þátttöku þeir ætla að hafa í mjólkursendingu til Mjólkursamlags K.E.A.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið

Gunnlaugur Gíslason

Helgi Símonarson

Ármann Sigurðsson

1936
------

Ár 1936 þ. 7. janúar hélt stjórn mjólkurdeildar Svarfdæla fund í kaupfélagshúsinu á Dalvík.

Þetta gerðist:

1. Formaður gat þess að hann og Ármann Sigurðsson hefðu haldið fund með Skíðdælingum eins og ákveðið hafði verið á síðasta fundi. Var þar rætt um hverja þátttöku Skíðdælingar mundu hafa um sölu mjólkur til mjólkursamlags K.E.A. Kom í ljós að fáir höfðu mjólkurmagn til slíks. Ákvað enginn til fulls hvort hann yrði þátttakandi í mjólkursölu, enda þótt áhugi væri til þess.
2. Ákveðið að hafa deildarfund á þinghúsi hreppsins, laugardaginn 18. janúar n.k.

Fleira ekki fyrir tekið.

Fundi slitið.

Gunnl. Gíslason

Helgi Símonarson

Ármann Sigurðsson

Ár 1936 þann 18. janúar var fundur haldinn í mjólkursamlagsdeild Svarfdæla. Fundinn setti deildarstjóri og stýrði honum. Kvaddi hann til fundarskrifara Helga Símonarson.

Þetta gerðist:

1. Lesin dagskrá fundarins
2. Deildarstjóri skýrði frá störfum deildarstjórnar á síðast liðnu ári. Gat hann þess að eigi hefðu verið gerðir fastir samningar um flutningsgjald mjólkurinnar, en loforð væri um að það yrði svo lágt sem framast yrði hægt. Gaf þá útibússtjóri Baldvin Jóhannsson þá skýringu að sennilega yrði flutningsgjald örlítið hærra en í fyrra, en það yrði reiknað svo lítið sem mögulegt yrði.

Formaður skýrði ennfremur frá hve mikið mjólkurmagn hefði verið sent til samlagsins 1935 en það voru 48 340 l. Einnig gat hann þess að búast mætti við verðlækkun á mjólkinni.

Útibússtjóri gaf svo að auki ýmsar upplýsingar. Að þessu loknu urðu nokkrar umræður um mjólkurframleiðslu og flutninga mjólkur til Akureyrar á veturnum. Drap Björn Jónsson Ölduhrygg á möguleika til að flytja mjólk sjóveg og taldi rétt að slíkt yrði reynt.

Þá ræddi Ármann Sigurðsson Urðum um það hvort ekki mundi líklegt að hægt yrði að selja mjólk á Dalvík og vildi að leitað yrði hófanna um að hrinda því fram.

Í tilefni af þessu kom fram svohljóðandi tillaga, sem samþykkt var með öllum greiddum atkvæðum:

„ Fundurinn samþykkir að skora á deildarstjórnina að leita fyrir sér við Dalvíkurbúa, sem kým eiga, hvort þeir vildu ekki ganga til samkomulags við mjólkurframleiðendur í sveitinni um það, að hætta að hafa kým sjálfir, en kaupa mjólk í mjólkurbúð sem væntanlega verður þá sett upp á Dalvík. “

3. Kosinn deildarstjórn. Kosningu hlutu: Gunnlaugur Gíslason Ármann Sigurðsson og Helgi Símonarson. Varamaður kosinn Gestur Vilhjálmsson með hlutkesti milli hans og Björns Jónssonar.
4. Kosning fulltrúa á Samlagsfund. Kosinn var Ármann Sigurðsson Urðum. Varamaður Stefán Björnsson Grund.
5. Mál fundarmanna:

Nokkrir létu í ljósi óánægju viðvikjandi framkvæmd bílstjórnanna á mjólkurflutningi, svo sem meðferð dunka og fleira og því beint til stjórnarinnar að reyna að fá bætt úr þeim misfellum.

Fleira ekki fyrir tekið.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið.

Gunnl. Gíslason  
Helgi Símonarson      Ármann Sigurðsson

Sunnudaginn 1. marz 1936 hafði stjórn Mjólkurdeildar Svarfdæla fund með sér á Þverá.

Á fundinum gerðist þetta:

1. Kosinn formaður Gunnl. Gíslason Sökku.

Kvaddi hann til fundarritara Helga Símonarson.

2. Ákveðið að tilkynna mönnum það á næsta Búnaðarfélagssundi 7. marz, að þeir skuli láta stjórninni í té upplýsingar um hve mikla mjólk þeir geti látið til Samlagsins ef farið yrði að flytja á næstunni.

Reynist flutningur til Akureyrar ekki framkvæmanlegur ákvað nefndin að leita hófanna um, hvort ekki mundi hægt að koma á mjólkursölu á Dalvík hið fyrsta.

3. Rætt um að fara þess á leit við samlagsstjórnina að leyfa deildinni hér að hafa með höndum á eigin reikning mjólkur sölu á Dalvík, en leyfi hinsvegar, þótt mjólkursala komist á, að sú mjólk er afgangss kynni að verða, yrði veitt móttaka af Samlaginu.

Ármani Sigurðssyni falið að bera fram þetta erindi og einnig að leita sér upplýsinga um hvað kostar að gerilsneyða mjólk.

Fleira ekki fyrir tekið.

Fundi slitið.

Gunnl. Gíslason

Helgi Símonarson      Ármann Sigurðsson

Ár 1936 sunnudaginn þ. 24. maí var samkvæmt áðurgengnu fundarboði settur og haldin aukafundur í mjólkurdeild Svarfd. í þinghúsinu á Grund.

Fundinn setti deildarstjóri Gunnl. Gíslason Sökku og stýrði honum.

Fundarskrifari kosinn Ármann Sigurðsson Urðum.

Fundarstjóri skýrði frá hvað gert hafði verið af deildarstjórn til þess að fá flutta mjólk til Akureyrar sjóveiginn. Varð eigi unt að fá bát hér á Dalvík, þó auglýst væri eftir slíku, hinsvegar auðnaðist að lokum að fá lítin vélbát frá Akureyri til mjólkurflutninga fyrir kr. 30.00 ferðina, en semja varð um að flutningur þessi stæði alt til maíloka.

Fundarstjóri minntist á nauðsyn þá er á því væri að útvega deildinni rjómabúsáhöld sem nota mætti til starfrækslu nú þegar á komandi hausti og framvegis. Í sambandi við þetta mál las fundarstjóri upp bréf frá hr. Jónasi Kristjánssyni samlagsstjóra, er skýrði kostnaðarhlið málsins.

Eftir að kaup á rjómabús áhöldum hofðu verið ofurlítið rædd, kom fram svo hljóðandi tillaga:

„ Mjólkurdeildarfundur Svarfdæla samþykkir að fela deildarstjórninni að fá því framgengt að Ú. K. E. D. kaupi rjómabúsáhöld, og hafi hús til starfrækslu rjómabús, sem hefji starfsemi á næsta hausti. “ Tillagan samþykkt með öllum atkvæðum.

Ármann Sigurðsson Urðum flutti málaleytnun hr. Jónasar Kristjánssonar samlagsstjóra, um það hvort mjólkurdeild Svarfdæla sæi sér ekki fært að láta mjólkina koma eitthvað fyr til Akureyrar að morgninum en verið hefir.

Þetta var ofurlítið rætt aftur og fram, hnigu raddir að því að deildarstjórnin athugaði um möguleika til þessa.

Fleira ekki tekið fyrir.  
Fundargerðin lesin og samþykkt.

Fundi slitið.

Gunnl. Gíslason  
Helgi Símonarson  
Ármann Sigurðsson

Árið 1936, 26. nóv. hafði stjórn Mjólkurdeildar Svarfdæla fund með sér á Dalvík í mjólkursölumálinu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Mjólkursala tveggja félaga til Dalvíkur, Tryggva Jóhannssonar og Guðjóns Baldvinssonar.  
Samþykkt var að láta þessa tvo félaga njóta þessarar sölu, þó þannig að þeir greiði sama flutningskostnað á mjólkinni er fór til Dalvíkur eins og til Akureyrar.
2. Mjólkursala á Dalvík:  
Samþykkt var til að byrja með að fela útibússtjóra Baldvin Jóhannssyni að taka mjólk af flutningsbílunum á Dalvík eftir þörfum, til hinnar fyrirhuguðu sölu.  
Ennfremur, þegar bíllinn ekki getur flutt til Akureyrar, þá ákveði Baldvin hverjir flytji mjólk til Dalvíkursölnunnar, þar til Mjólkurdeildarstjórnin akveður nánar þar um.
3. Tekin ákvörðun um að tala við Jóhannes Helgason Holti um mjólkurflutninga til Akureyrar og sölu á Dalvík, svo og hvort ekki næðist samkomulag um að hann gengi í Mjólkursamlag K.E.A.

Fleira ekki fyrir tekið.  
Fundargerðin lesin og samþykkt.  
Fundi slitið.

Gunnl. Gíslason  
Ármann Sigurðsson  
Helgi Símonarson

## Fundargerð

Árið 1937 sunnudaginn 24. janúar var aðalfundur Mjólkursamlagsdeildar Svarfdeildar haldin í þinghúsinu að Grund.

Formaður setti fundinn og stýrði honum. Skrifari kosin Björn Jónsson Ölduhrygg. Þetta gerðist á fundinum:

1. Lesin dagskrá
2. Formaður skýrði nokkuð frá störfum deildarinnar síðastliðið ár.

Gat þess meðal annars að samkvæmt tillögu frá síðasta aðalfundi, væri nú hafin lítilsháttar mjólkursala á Dalvík, og væri það meining nefndarinnar að sú mjólk er þar seldist yrði borguð út með því verði er deildarmenn fengju frítt útborgað á innlagða mjólk hjá Mjólkursamlagi K.E.A. Ef hagnaður yrði á þeirri sölu, gengi hann til lækkunar á flutningskostnaði mjólkurinnar til Akureyrar.

Þá gat formaður þess hvernig rjómabúsmálinu væri nú komið, en það væri í stuttu máli þannig: Innflutningur á vélum væri fenginn í n.k. marz mánuði en samþykki stjórnar K.E.A. ófengið enn. Hús það er fyrirhugað var til starfseminnar hafði við athugun virst lítilsvirði. Í sambandi við þetta gat hann einnig um að eftir síðustu áramót hafi deildinn hafið rjóm AFLUTNINGA til Samlagsins og væri áætlað verð 3 aurar pr. fitueiningu og eftir útreikningi samlagsstjóra svaraði það til kr 2,64–2,70 á smjörkíló.

Mjólkurflutningar frá deildinni höfðu byrjað um mánaðamótin apríl og maí og fyrst fluttar nokkrar ferðir á trillubát en síðan á bíl. Flutningskostnaður hafði orðið 2,5 aurar pr líter. Mjólkur magnið er flutt var til samlagsins á árinu reyndist vera rúmir 75000 lítrar, en árið áður 48000 lítrar.

Einn maður – Jóhannes Helgason – er ekki er skráður félagsmaður, hafði flutt mjólk með bílnum til samlagsins á liðna árinu. Nefndin hafði gert ítrekaðar tilraunir til að fá hann í félagsskapinn en árangurslaust að þessu. En þá kosti hafi nefndin sett honum að hann skildi sleppa með tvöfalt flutningsgjald ef hann gengi nú þegar inn í Samlagið en annars yrði málið tekið fastari tókum og var fundurinn því samþykktur.

3. Rjómabúsmálið.

Formaður óskaði eftir álit fundarins á því hvað gera skildi í því máli.

Eftir nokkrar umræður kom fram svohljóðandi tillaga er var samþykkt með 11 atkv. gegn

5:

„ Fundurinn alyktar að taka ekki bindandi ákvörðun um stofnun rjómabús á Dalvík til þess tíma er mjólkurflutningar hefjast aftur til Samlagsins og muni þá vera fengin nokkur reynsla fyrir því hvort rjóm AFLUTNINGAR að vetrinum sé viðunandi úrlausn á þessu máli “

4. Mjólkursalan á Dalvík.

Formaður óskaði eftir að fá álit fundarins á því hvort deildarstjórnin eða útibússtjóri skildi ákveða útsöluverð mjólkur á Dalvík svo og hverjir fái að nota þann markað.

Að loknum umræðum kom fram svohljóðandi tillaga:



„ Fundurinn samþykkir að fela stjórn deildarinnar ásamt útibússtjóra að ákveða verð á þeirri mjólk er deildinn kann að selja á Dalvík. “

Tillagan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

5. Kosin deildarstjórn.

Kosningu hlutu:

Helgi Símonarson 17 atkv.

Ármann Sigurðsson 16 –

Gunnlaugur Gíslason 18 –

Varamaður: Daníel Júlíusson 3 –

6. Kosnir fulltrúar á aðalfund Mjólkursamlags K.E.A. Fundarstjóra hafði borist heima greidd skrifleg kosning frá einum fjarstöddum deildarfélagi. Fundurinn samþykkti með 11 atkv. gegn 3 að taka atkvæðaseðil þenna gildan

Kosning féll þannig: Aðalfulltrúar kosnir

Ármann Sigurðsson 18 atkv.

Daníel Júlíusson 11 –

Varafultr. Jón Gíslason 4 –

Gunnl. Gíslason 4 –

7. Ármann Sigurðsson hreyfði því að nauðsynlegt væri að samin væri reglugerð fyrir deildina. Fundurinn fól deildarstjórn að semja slíka reglugerð.

Fleira ekki fyrir tekið.

Fundargerðin lesin og samþykkt.

Fundi slitið

Gunnlaugur Gíslason

Ármann Sigurðsson

Helgi Símonarson

### Fundargerð

Árið 1937 þ. 5. marz kom stjórn Mjólkurdeildar Svarfdæla saman á Dalvík til þess að ræða og taka ákvarðanir um mjólkurflutninga til Akureyrar á þessu ári.

Var útibússtjóri Baldvin Jóhannsson kvaddur á fundinn.

1. Leitað var álits hans og umsagnar um flutningskostnað með mjólkurbílum framvegis. Gaf hann loforð um að sama flutningsgjald, 2 ½ eyrir yrði tekin af félagsins hálfu þetta ár eins og síðastliðið.
2. Rætt var um að fara að koma á mjólkurflutningi til Akureyrar, helst nú þegar, þar eð nokkrir félagsmenn hafa orðið mjólk til flutninga og æskja þess að geta hið fyrsta selt hana. En vegna þeirra hamla er hvíla á flutningum héðan til Akureyrar, nefnilega 3-4 auro verðfall pr. líter ef flutt er aðeins tvisvar í viku, var það ráð tekið að tala símleiðis við Jónas Kristjánsson Samlagsstjóra og gaf hann loforð um að héðan úr deildinni mætti flytja mjólk

tvisvar í viku eða sjaldnar til Samlagsins án þess 3–4 auru verðfallinu yrði beitt og yrði deildin látin vita með nægum fyrirvara ef þessu loforði verður breytt.

Vegna erviðleika með mjólkurflutninga til Akureyrar fol nefndin úttíbússtj. að fá breyttri ferða áætlum mjólkurbátsins Marz eftir okkar þörfum.

3. Ályktað var að leyta upplýsinga um hve mikið mjólkurmagn væri fyrir hendi hjá deildarmönnum er nú þegar vilja senda mjólk. En eftir því skal svo farið hvort útvega þarf vélbát til fluttninganna ef m/b. Marz vill ekki breyta ferðaáætlun sinni.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið.

Gunnl. Gislason  
Ármann Sigurðsson  
Helgi Símonarson

#### Fundargerð

Ár 1937 þ. 25. sept. kom stjórnarnefnd Mjólkursamlagsdeildar Svarfdæla saman á fund á Dalvík í húsi Ú.K.E.

Fundarefnið var að ræða um útsöluverð mjólkur á Dalvík.

Á fundinum var mættur Baldvin Jóhannsson úttíbússtjóri.

Í samráði við úttíbússtjóran samþykkti nefndin að frá 1. okt n.k. skyldi útsöluverð mjólkur til fastra kaupenda hækka úr 20 aorum í 22 auru pr. líter og önnur mjólk hækka tilsvandi.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið.

Gunnl. Gislason

Helgi Símonarson

Ármann Sigurðsson

1938
------

#### Fundargerð

Ár 1938, sunnudaginn þ. 2. Janúar hélt nefnd Mjólkursamlagsdeildar Svarfdæla fund í kaupfélagshúsinu í Dalvík.

Þetta gerðist:

1. Talað við kaupfélagsstjóran Baldvin Jóhannsson um mjólkurflutninga þetta ár. Gat hann engin akveðin svör gefið viðvikjandi flutningskostnaði en lét svo um mælt að mjólkinn skyldi flutt við svo vægu verði sem hægt væri.
2. Ákveðið að leggja þann afgang jafnaðarverðs sem verða kann af mjólkursölunni á Dalvík í sjóð, er Mjólkursamlagsdeildin hafi til umráða. Ennfremur renni ½ eyrir pr. líter af þeirri mjólk og rjóma, sem flutt var með mjólkurbátnum á síðastliðnu ári, í sama sjóð.

Fleira ekki fyrir tekið.

Fundi slitið.

Gunnl. Gíslason

Helgi Símonarson      Ármann Sigurðsson

#### Fundargerð

Miðvikudaginn þann 25. janúar [1938] hélt stjórn Mjólkursamlagsdeildar Svarfdæla fund í kaupfélagshúsinu á Dalvík.

Fundarefni:

1. Gert uppkast að reglum fyrir deildina sem lagðar skildu fram á næsta fundi til samþykktar.
2. Ákveðið að hafa aðalfund deildarinnar sunnudaginn 6. febrúar ef astæður leyfa.

Fleira ekki fyrir tekið.

Fundi slitið.

Gunnl. Gíslason

Ármann Sigurðsson

#### Aðalfundargerð

Ár 1938 sunnudaginn þann 6. febr. var settur og haldinn aðalfundur Mjólkurdeildar Svarfdæla í þinghúsi hreppsins að grund.

Formaður deildarinnar Gunnlaugur Gíslason bondi á Sökku setti fundinn og stýrði honum. Skrifari kosinn Gestur Vilhjálmsson.

Þetta gerðist:

1. Lesin dagskrá fundarinnar.
2. Formaður skýrði frá störfum deildarinnar síðastliðið ár.

Deildin hefir sent mjólk til Mjólkursamlagsins á Akureyri allmikið meira en árið áður eða 105 þús. lítra. Á Dalvík seldir 28 þús lítrar, sem Ú.K.E.D. hefir selt á sl. ári án nokkurrar þóknunar, vegna þess að hér hefir verið um tilraun að ræða, en formaður kvað ekki enn fullráðið um hver sölu laun útibúið tæki á þessu ári. Enn fremur gat hann þess að þeir sem ættu þá mjólk sem seld er á Dalvík bæru flutningskostn. til Akureyrar eins og þeir aðrir deildarmenn sem láta sína mjólk þangað.

Fyrirspurninr komu engar fram.

3. Þá las Ármann Sigurðsson fundargerð frá aðalfundi Mjólkursamlags K.E.A. sem haldin var á Akureyri í febrúar á s.l.a.

Einnig las hann kafla úr Mjólkurlögonum og svaraði fyrirspurnum sem fram komu

4. Árið 1938.

Formaður skýrði frá að enn væri ekki fullsamið um flutningskostnað á mjólk til Akureyrar en gera mætti ráð fyrir að hann mundi hækka þar sem bensin og annað sem til reksturs bílsins þarf hefir hækkað, þó taldi hann alveg vist að kostnaðurinn mundi ekki verða hærri en mögulega væri hægt að komast af með gagnvart rekstri bílsins.

Þá gat formaður þess að nú væri ekki hægt að að fá flutta mjólk til samlagsins á Akureyri tvisvar í viku nema hún lækkaði allverulega í verði, og samlagsstjóri gaf ekki von að frá því yrði vikið. En sjálfsagt taldi hann að samlagið tæki á móti rjóma tvisvar í viku ef heppilegir sjóflutningar fengjust. Hinsvegar kvaðst formaður hafa von um að mjólkurbillinn kynni að geta annast flutninga til Akureyrar nú en flytja yrði mjólkina til Dalvíkur, en gera mætti ráð fyrir að tíðin leyfði ekki bílflutninga til langframa.

Svohljóðandi tillaga kom fram og var samþykkt í einu hljóði:

„ Fundurinn samþykkir að fela fulltrúum sínum á aðalfundi Mjólkursamlags K.E.A. 1938 að vinna að því eftir mætti að Svarfdæla deild fái að flytja mjólk til samlagsins tvisvar í viku þegar landflutningar teppast að vetrinum, án þess að verðfall komi til á mjólkinni af þeim ástæðum. “

5. Rjómaþúsalið.

Formaður gat þess að stjórn K.E.A. hefði tekið til athugunar beiðni deildarinnar um stofnun rjómaþús á Dalvík og hefði ákveðið að taka ekki endanlega afstöðu til málsins fyr en deildin endurnýjaði beiðni sína.

Allmiklar umræður urðu um málið og sýndist sitt hvorum.

Eftir ósk Ármanns Sigurðssonar er mælti með að fá rjómaþús og gerilsneyðingaráhöld, skal þess getið að hann hætti við að bera fram tillogu vegna nokkurra mótradda.

Engin ákvörðun tekin.

6. Reglugerð fyrir deildina.

Ármann Sigurðsson las upp uppkast að reglugerð fyrir deildina sem stjórnin hafði samið eftir ákvörðun síðasta aðalfundar.

Þá var fyrst tekin fyrir 1. gr. og samþykkt í einu hljóði.

2. gr. samþ. óbreytt

3. - - " - - " -

4. - - " - í einu hljóði

5. - - " - - " - - " - - " -

Reglugerðin samþykkt öll í einu lagi í einu hljóði.

7. Kosin deildarstjórn.

Kosningu hlutu:

Ármann Sigurðsson	Urðum með 11 atkv.
Gunnl. Gíslason	Sökku - 7 atkv.
Pór Vilhjálmsson	Bakka - 7 -

með hlutkesti milli þeirra og Þorleifs Bergssonar Hofsá sem líka hafði 7 atkv. og var hann því ákveðinn varamaður í stjórn.

Kosnir tveir menn til að mæta á aðalfundi Mjólkursamlags K.E.A. Kosningu hlutu Ármann Sigurðsson Urðum með 14 atkv. og Gunnl. Gíslason Sökku með 11 atkv.

Varamaður Gestur Vilhjálmsson.

8. Mál fundarmanna:

a. Þorleifur Hofsá spurði eftir hvort ekki mætti búast við uppbót á mjólkina.

Formaður upplýsti að tilgáta en ekki víska væri um að uppbót kynni að verða 2 aurar pr.l. og tilsvarandi uppbót á rjóma

b. Helgi Símonarson flutti svofelda tillögu sem var samþykkt í einu hljóði:

„ Fundur í mjólkursamlagsdeild Svarfdæla haldinn 6. febrúar 1938, skorar á þingmenn Eyjafjarðarsýslu að beita sér fyrir því við vegamálastjóra, að gagngerð aðgerð verði gerð á veginum frá Dalvík til Urða, á þessu ári Fleira ekki fyrir tekið.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið.

Gunnl. Gíslason.

### Fundargerð

Árið 1938 þ. 14 febrúar kom stjórn Mjólkursamlagsdeildarinnar saman á fund á Dalvík.

Þetta var tekið fyrir:

1. Velja formann deildarinnar og varaformann. Kosningu hlutu: Formaður Gunnl. Gíslason Sökku og varaformaður Ármann Sigurðsson Urðum.

2. Mjólkurflutningarnir.

Að samkomulagi varð við Baldvin Jóhannsson útibússtjóra að flutningskostnaður mjólkur til Akureyrar verði kr. 0,025 á lítra, þetta ár.

3. Sölu- og flutningskostnaður mjólkur á Dalvík.

Samkomulag náðist við Baldvin Jóhannsson um að útibúið tæki kr. 0,01 í söluaun af þeirri mjólk er seld yrði á Dalvík þetta ár en rýrnun við dreyfingu verður að hvíla á framleiðendum.

4. Fyrirkomulag mjólkursölnunar á Dalvík.

Útibússtjóri hafði leyft Óla Antonsyni Hrísum að flytja mjólk til Dalvíkur, en minkaði, að sama skapi mjólkurflutninga Jóhannesar Helgasonar Ytra Holti, hvort tveggja án vitundar deildar stjórnarinnar.

En vegna þess að áður var svo frá gengið að Jóhannes Helgason og aðra er flytja mjólk til Dalv. að sumrinu, að þeir sætu fyrir vetrar sölunni, taldi stjórnin sjálfsgagt að leiðrétta þetta, þar sem Óli hafði eigi selt nema mjög lítið á Dalvík síðastliðið sumar.

Tillaga kom frá Ármanni Urðum um að Jóhannes Holti flytji mjólk til Dalvíkur svo sem áður, og í hlutfalli við það. Mjólkurflutningur Óla verði minkaður, Páll Friðfinnsson hætti flutningi, en aðrir flytji sem áður. Þetta var samþykkt af deildarstjórn allri og útibússtjóra.

Jóhanni Jónssyni falið framvegis að ákveða mjólkur flutninga hvers eins til Dalvíkur eftir þörfum kaupenda.

Fleira ekki fyrir tekið.

Fundi slitið.

Gunnl. Gíslason

Ármann Sigurðsson

Þór Vilhjálmsson

Ár 1938 þriðjudaginn 22. marz kom deildarstjórn saman á fund á Dalvík til þess að álykta og taka ákvarðanir um mjólkursölu deildarinnar, á Dalvík, á þessu ári

Fyrst tekið fyrir:

1. Afkoma mjólkursölnunnar:

Innkomin mjólk nam 27 249 lítrum

Fyrir þessa mjólk hefir framleiðendum verið greitt kr. 5045,57. Útsoluverðið kr. 5694,35, verður þá mismunur kr. 638,28. Af þeirri upphæð greiðist verðuppbót til mjólkurframleiðenda, 1.84 aurar pr. líter.

2. Framtíðar mjólkursala.

Tekin var sú ákvörðun að semja við ákveðna menn um að láta og flytja til Dalvíkur þa mjólk er þörf krefur á hverjum tíma. Gerður var samningur við Jóhannes Helgason bónda á Ytra-Holti og undirritaður af honum og deildarstjórn.

3. Un útgjöld deildarinnar:

Með því að deildarstjórnin hefir lagt fram gjöld fyrir símtöl og ennfremur er er ógreidd fulltrúapóknun frá fyrra ári og nú í ár, en óhæfa virðist að slíkt sé skoðað sem viðeigandi kvöð, þá ákveður deildarstjórnin að fulltrúa póknun skuli greiðast úr deildarsjóði, með kr. 12,00 á mann pr. fund, svo og öll símgjöld í þágu deildarinnar.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Gunnl. Gíslason

Ármann Sigurðsson

Þór Vilhjálmsson.

Mjólkurdeildarstjórn og Jóhannes Helgason Ytra-Holti gera með sér svofeldan samning.

Jóhannes Helgason Holti lofar að flytja dagsdaglega mjólk til Dalvíkur, eftir því sem sölubörf er á hverjum tíma ársins, meðan mjólkurframleiðsla hans endist til.

Er honum heimilt að flytja mjólkina á Dalvík með mjólkurbbílnum, enda greiði hann deildarstjórn jöfnunar eða flutningsgjald 0.02 ½ eyri af hverjum lítra er bíllin og hann sjálfur lætur flytja til sölunnar.

Þó skal Jóhannes undanþegin þessu gjaldi í 3 mánuði, eða frá 14. maí til 15. ágúst, en þó aðeins af þeirri mjólk er hann annast flutning á sjálfur.

Þessi samningur gildir til næstu áramóta.

Þessu erum við undirritaðir samþykkir.

Dalvík, 22 marz 1938.

Og samningur þessi gildir einnig til 31 des. 1939.\*

Gunnl. Gislason,      Ármann Sigurðsson,  
                                 Þór Vilhjálmsson

Jóh. Helgason.

\*[Auðséð er af breytttri áferð viðbótarákvæðisins „Og samningur þessi gildir einnig til 31 des. 1939.“ og undirskrifa aðila að því hefur verið bætt við samninginn í fundargerðabókinni ári síðar til að ekki þyrfti að rita hann allan aftur í bókina. Með *breyttri áferð* er átt við annars konar blek. SBG]

Ár 1938 sunnud. 3. apríl hafði stjórn mjólkursamlagsdeildar Svarfdæla ákveðið að hafa með sér fund á Dalvík kl. 2 e. h.

Einn stjórnarnefndarmaður – Þór Vilhjálmsson mætti ekki.

Verkefni fundarins var að ná samkomu lagi við Loft Baldvinsson Böggvisstöðum um þátttöku hans í mjólkursölunni á Dalvík, þetta yfirstandandi ár.

Þeir tveir stjórnarnefndarmenn er mættir voru fóru heim til Lofts og tókust samningar við hann, með sömu kjörum og á þeim grundvelli er áður hafði verið umsamið við Jóhannes Helgason og visast hér með til þess samnings.

Fleira ekki fyrir tekið  
Fundi slitið

Gunnl. Gislason  
Ármann Sigurðsson

Ár 1939 laugardaginn 7. jan. komu tveir úr stjórn Mjólkurdeildarinnar þeir Gunnl. Gislason og Ármann Sigurðsson saman á fund á Dalvík til þess að ræða um mjólkurmálin; meðal annars um minkandi mjólkurkaup á Dalvík

1. Vegna mjólkursölnunar á Dalvík var Magnús Jónsson Hrappstaðakoti kallaður á fundinn til samninga.

Varð að samkomulagi að Magnús Jónss. flytti, svo sem að undanfögnu það sem vanta kann dagsdaglega af mjólk til mjólkursötunnar [svo. SBG] á Dalvík, og verður honum ekki reiknaður flutningskostnaður af þeirri mjólk

Mun umsjónarmaður mjólkursölnunar á Dalvík Jóhann Jónsson segja til á hverjum tíma hve mikil þessi mjólk þarf að vera.

2. Rætt við útibússtjóra um mjólkursölnuna á Dalvík og varð að samkomulagi líkt fyrirkomulag sölnunar og síðastliðið ár, að undanskildri sölu mjólkurafgangs til brauðgerðar, þar eð brauðgerðin að líkindum verður lögð niður á næsta vori.
3. Minnst var á flutningskostnað mjólkur til Akureyrar þetta ár, en engin ákvörðun tekin.
4. Rætt var um hugsanlega möguleika til fl. á mjólk nú til Akureyrar, en engin sjáanleg leið fyrir hendi vegna kostnaðar. Var þá hnigið að því að flytja rjóma og útibússtjóra Baldvin Jóhannssyni falið að leita samninga um það við mjólkurflutningabát K.E.A hið allra fyrsta Fleira ekki tekið fyrir.

Gunnl. Gislason, Ármann Sigurðsson

Árið 1939 þriðjudaginn 31 janúar var aðalfundur mjólkursamlagsdeildar Svarfdæla settur og haldinn í Þinghúsi hreppsins að Grund.

Fundinn setti deildarstjóri Gunnlögur Gíslason og stýrði honum, en kosinn var til skrifara Björn Jónsson Ölduhrygg

Gjörðir fundarins voru þessar:

1. Lesin dagskrá fundarins.
2. Lesnir og skýrðir mjólkur sölu reikningar deildarinnar við U.K.E. Dalvík.
3. Deildarstjóri skýrði því næst frá störfum deildarinnar liðið ár. Mjólkurframleiðslan hafði aukist allverulega á árinu. Til Akureyrar voru fluttir um 155 þús. lítrar í stað 105 þús. l. árið 1937. Við U. K. E. Dalvík voru á árinu seldir 34 þús. lítrar í stað 27.þús. l. árið 1937. Sölulaun af mjólk þeirri er seld var á Dalvík síðastliðið ár var 0,01 eyrir á lítra. En deildin hefur keypt mjólkurmælitæki, er notuð eru við mjólkursölnuna. Þau kostuðu 256,23.



4. Aðalfundur Mjólkursamlags K.E.A 1938.

Árman Sigurðsson skýrði frá störfum þessa fundar. Gat hann þess að tillaga sú er samþykkt var á síðasta deildarfundum um það að fá mjólk flutta heðan til Mjólkursamlags K.E.A. aðeins tvisvar í viku, hefði ekki verið lögð fram á aðalfundi samlagsins Var það af þeim ástæðum, að samlagsstjóri taldi að svo gamla mjólk yrði illa komist hjá að taka með afföllum – e.t.v. 0,03 pr. lítra, ennfremur kvaðst samlagsstjóri geta búist við, að krafist yrði að öll Svarfdælsk mjólk yrði flutt á hverjum degi í stað annann hvern dag svo sem verið hefur til þessa. En þar sem ekki er unt að flytja alla sölu mjólk deildarinnar, þegar hún er sem mest, á einni bifreið, ef þess yrði krafist að flytja alla mjólkina dags daglega, og hins vegar áhætta um afföll á gamalli mjólk fluttri tvisvar í viku, komu flulltrúar deildarinnar sér saman um að leggja ekki áminnsta tillögu fyrir aðalfund Mjólkursamlags K.E.A.

Þessu næst las Árman Sigurðsson upp rekstrarreikning Mjólkursamlags K.E.A. fyrir árið 1937, og gaf nokkrar skýringar á honum. Einnig las hann upp yfirlit yfir félagatal og mjólkurmagn Samlagnsins, svo og útborgað verð mjólkurinnar árs árlega hin tíu starfsár samlagnsins eða frá 1928 – 1937 að báðum árum meðtöldum. Sýndi yfirlit þetta hina stóruaknu mjólkurframleiðslu eins og líka ört vaxandi félagatal, en jafnframt hafði verð mjólkurinnar farið sí lækkandi síðari árin eða úr 24,76 aurum árið 1929, í 18,65 aura pr. lítra, eða kílógram, árið 1936.

Á þessu 10 ára starfstímabili Samlagnsins hefur það veitt móttöku 16.444.030 litr. mjólkur, af því var nýmjólkursala 5.765.314 litrar en unnar mjólkur vörur úr 10.678.718 lítrum Fyrir þessa mjólk hefir Mjólkursamlag K.E.A. borgað félagsmönnum sínum Kr. 3.307.760,36

5. Starfsemi deildarinnar þetta ár:

Formaður deildarstjórnar skýrði frá að ekki væri fullsamið um flutning mjólkur til Akureyrar, en þó mundi meiga ætla að ekki yrði hækkun á flutningskostnaði hennar frá því er var síðastliðið ár.

Um verð á mjólk og rjóma kvað hann ekki unt að segja ákveðið fyrir þetta ár, en samkvæmt áætlun samlagsstjóra eru líkur til að verð á nú sendum rjóma verði 3,2 aurar pr. fitueiningu, og flutningskostnaður þessa rjóma er umsamin 2 aurar pr lítra.

Þá gat formaður þess að komið hefði tilboð um flutning mjólkur til Akureyrar sjóleiðina, hljóðaði tilboð þetta um 4 aura pr. litra fyrir allt að 800 lítra mjólkurmagn.

Fundinum fannst þetta flutningsgjald of hátt, með tilliti til flutningsgjalds af rjóma, sendum nú, og hallaðist því að rjómaflutningi sem upptekin er, að svo komnu máli.

6. Kosning fulltrúa á aðalfund Mjólkursaml. K.E.A.

Kosningu hlutu eftir taldir:

Árman Sigurðsson Urðum m.	13 atkv.
Þorleifur Bergsson Hofsa -	11 - ,, -
og Guðjón Baldvinsson Skáldalæk -	6 - ,, -
<u>Varamenn</u> Björn Jónsson Ölduhrygg m.	3 - ,, -
Gunnlaugur Gíslason Sökku -	3 - ,, -
og Gestur Vilhjálmsson Bakkagerði -	3 - ,, -

7. Kosning í deildarstjórn.

Samkvæmt reglum deildarinnar átti einn að ganga úr stjórninni og kom upp hlutur Gunnlaugs Gíslasonar, vildi hann ekki taka endurkosningu. Var þá í stað G.G. kosinn Magnús

Jónsson Hrappsstaðakoti m. 6 atkv. og varamaður deildarstjórnar Björn Jónsson Ölduhrygg m/. 4 atkvæðum.

8. Mál fundarmanna:

Gestur Vilhjálmsson gerði fyrirspurn um það, hvernig samningar væru um skilsemi á mjólkurdunkunum við U.K.E. Dalvík og gat þess að komið hefði fyrir, að menn hefðu ekki getað sent mjólk, vegna þess að dunkum hafði ekki verið skilað.

Formaður svaraði fyrirspurninni þannig að ekki hefði tekist að semja við útibúið um að það tæki ábyrgð á dunkunum eða á skilsemi þeirra. Um þetta mál urðu talsverðar umræður og komu fram raddir um að gott myndi að hreyfa við þessu á fundi kaupfélagsdeildarinnar þegar all margir mjólkurframleiðendur væru þar mættir, en engar frekari ákvarðanir voru þó teknar í þessu máli.

Þar sem fleiri mál voru ekki fyrirtekin, var fundargerð lesin upp og samþykkt, og fundi að því búnu slitið.

Árið 1939 þ. 3 febr. kom stjórn mjólkursamlagsdeildar Svarfdæla saman til þess að ræða mjólkurmálin. Fundinn setti Ármann Sigurðsson, og sá um kosningu formanns og varaformanns, þar eð fyrverandi formaður var útdreginn úr stjórninni á nýafstöðnum Aðalfundi deildarinnar.

Kosning fór þannig að kosinn var formaður deildarstjórnar Magnús Jónsson Hrafnstaðakoti og vara formaður Ármann Sigurðsson Urðum.

Að þessu loknu tók formaður Magnús við fundarstjórn. Það var upplýst að félagsmenn þeir er rjóma senda fara ýmist með hann á föstudaga eða þriðjudaga, í stað þess er allur rjómi komi til Dalvíkur aðeins á þriðjud. Deildarstjórn akvað að áréttu þennan tvíflutning með því, að tala við rjóma sendendur og fá þá til þess að fylkja sér til flutningsins áminnstan dag.

Það kom og til orða að boða almennann mjólkurdeildarfund, en frá því var fallið að svo stöddu.

Fleira ekki gert.

Ármann Sigurðsson

Árið 1939 þ. 16 marz hélt deildarstjóri Mjólkurdeildar Svarfdæla fund á Dalvík.  
Þetta var tekið fyrir:

1. Samið fyrir deildina um mjólkur flutning til Akureyrar á þessu ári, við útibússtjóra Baldvin Jóhannsson  
Varð að samkomulagi að útibúið flytti mjólk í ár fyrir sama verð og síðastliðið ár @ 2 ½ eyri lítra.
2. Þá var og sú ákvörðun tekin, að reyna að taka upp flutning mjólkur með Bíl til Akureyrar næskomandi mánudag. Og þar eð Bíll U.K.E. á nú næsta dag að fara til Akureyrar, var akveðið að láta mjólkurframleiðendur vita um þetta, og fá þá til að taka þátt í snjómokstri til fararbóta.
3. Þá var einnig ákveðið að láta mjólkurdeildina taka að einhverju litlu leyti þátt í snjómokstri, ef um mjólkurflutning verður vegna mokstursins.

Fleira ekki fyrir tikið  
Ármann Sigurðsson

#### Fundargjörð

Ár 1939 Laugardaginn þann 17 Júní var haldin fundur í mjólkursamlagsdeild Svarfdæla. Formaður deildarstjórnar Magnús Jónsson Hrappsstaðakoti setti fundinn og stýrði honum. Skrifari fyrir fundinn var tilnefndur Jón Jónsson Jarðbrú.

Þetta gjorðist.

1. Rjómbúsamál  
Magnús Jónsson hóf umræður um málið, og óskaði eftir að deildarmenn letu álit sitt í lósi; hvort þeir væru því fylgjandi, gat hann þess að deildarstjórnin hefði ekki viljað gera neitt bindandi í málinu nema leita álits mjólkur framleiðenda frekar en búið var að gera, með samþykktu tillögu í málinu á deildarfundum Svarfdæladeildar K.E.A. Nokkrir fundar manna tóku til máls, og voru fleiri því fylgjandi að málið yrði athugað.  
Í málinu kom fram svo hljóðandi tillaga er var samþ. með samhljóða atkvæðum Mjólkurdeildar fundur haldin 17 Júní 1939 samþ. að skora á deildarstjórn og stjórn K.E.A. að athuga eftir föngum kostnað við kaup og uppsetningu rjómbús og gerilsneiðinga áhalda ásamt húsrúmi á Dalvík, til starfrækslu að vetri til þegar þegar mjólkur flutningar teppast. Og að athuguðu máli, að koma þessu í framkvæmd fyrir næsta vetur, eða smjör eltistöð á sama stað ef hitt reynist ekki tiltækilekt.

Fleira lá ekki fyrir  
Fundargjörðin upplesin og samþ.

Jón Jónsson  
(skrifari)  
Magnús Jónsson

### Fundargjörð

Ár 1939 fimtudaginn 7. des. var fundur haldinn í mjólkursamlagsdeild Svarfdæla. Formaður deildarstjórnar Magnús Jónsson setti fundinn og stýrði honum, nefndi hann til skrifara Halldór Hallgrímsson Melum.

Þetta gjörðist.

1. Fundarstjóri talaði um vetrarstarfsemina, og í sambandi við þær umræður, syndi Ármann Sigurðsson Urðum með útreikningi, að verðmunur er svo lítill á nymjólk og rjóma úr sama mjólkurmagni að verð á undanrennunni væri ekki nema 1,6 aurar líter.
2. Fundarstjóri las upp brjef frá stjórn K.E.A. til útíbúsins á Dalvík, viðvíkjandi stofnun smjörbús á Dalvík, einnig var þar tilboð um móttöku rjóma á Dalvík sem svo yrði fluttur til Akureyrar á sjó þegar bilflutningar teppast. Miklar umræður urðu um þetta mál, og kom fram óánægja með þann drátt sem orðið hefir á stofnun smjörbús á Dalvík. Svohljóðandi fundarályktun var samþykkt samhljóða  
„ Fundurinn ályktar að nyskipun sú á mjólkurflutning sem fram kom í bréfi til Utíbússtjórnans frá stjórn K.E.A. sé til nokkurra hagsbota fyrir mjólkur framleiðendur eins og nú er málum komið, en á hinn bóginn telur fundurinn mjólkurmál okkar Svarfdælinga ekki á nokkurn hátt leyst með svari stjórnarinnar, og væntir þess eindregið að málið nái fram að ganga, samkvæmt ósk okkar frá fundi 17 juni síðastliðinn.

Fleira ekki fyrir tekið

Fundargerðin lesin upp og samþykkt

Fundi slitið

Halldór Hallgrímsson

(fundarritari)

Magnus Jónsson

1940
------

### Fundargerð

Ár 1940 Laugardaginn 13 Janúar kom stjórn mjólkurdeildar Svarfda [svo. SBG] saman á fund á Dalvík til að taka ákvarðanir fyrir þetta ár.

Þetta gerðist.

1. Ákveðið var að hefja aftur bílflutning mjólkur næstkomandi mánudag þ. 15 þ.m.
2. Talað hafði nefndin við þá menn, er áður höfðu flutt mjólk til sölu á Dalvík og voru þeir ásáttir um að flytja og láta mjólk til Dalvíkur sölu, með sömu skilyrðum og síðast liðið ár.

3. Mjólkursalan á Dalvík.

Ákveðið var með samkomulagi við Baldvin Jóhannss. útibústjóra að samskonar fyrirkomulag og rekstur yrði á þessu ári eins og á síðastliðnu ári

4. Flutningar til Akureyrar teknir fyrir.

En vegna þess að erfiðir tímar eru og óséð um hvort flutningarnir bera sig, var ekki um flutningsgjöld samið að þessu sinni. Hins vegar tjáði útibústjóri Baldvin Jóhannsson sig fúsan að flytja mjólkina til Akureyrar fyrir sama verð í ár, eins og síðastliðið ár, ef rekstur bílanna síndi það mögulegt.

Fleira ekki fyrir tekið

Fundi slitið

Ármann Sigurðsson

Fundargerð

Árið 1940 þriðjudaginn 16 janúar kom stjórn mjólkurdeildar Svarfdæla saman á fund á Dalvík til þess að taka ákvarðanir um hækkun útsöluverðs mjólkur á Dalvík.

Rætt var um hækkunina og hún skoðuð frá ýmsum hliðum. Þegar tekið er tillit til fastra kaupenda mjólkurinnar er oft á tíðum taka ekki sína ákveðnu mjólk, og verður því á stundum að ónóta mjólkurafganga, og að einig á annann hátt að mjólkinn ryrni og ónytist, svo og vegna líklegrar hækkunar á innkaupi mjólkur í Mjolkur samlagi K.E.A. Þá þykir ekki ráðlegt að hafa hækkunina minni en 0,04 auro og líter. Verður því útsala mjólkurinnar til fastra kaupenda með og frá 20 janúar kr. 0,26 lítrinn og í lausasölu kr. 0,30 lítrinn. Þetta verðlag varð að samkomulagi allra nefndarmanna.

Falið var Jóhanni Jónssyni að auglýsa þessa breytingu nú þegar.

Fleira ekki tekið fyrir

Fundi slitið

Ármann Sigurðsson

Fundargerð

Árið 1940 miðvikudaginn 31. jan. var aðalfundur Mjólkursamlagsdeildar Svarfdæla settur og haldin í þinghúsi hreppsins að Grund.

Fundinn setti deildarstjóri Magnús Jónsson og styrði honum og nefndi til skrifara Jón Gíslason.

Gerðir funarins voru þessar:

1. Lesin dagskrá fundarins.
2. Deildarstjóri skyrði því næst frá störfum deildarinn siðastliðið ár. Mjólkurframleiðsla var heldur minni en næstliðið ár eða um 6000 l. Aftur hafði sala á Dalvík aukist á árinu um 1000 l. Nokkrar fyrir spurnir voru gerðar til deildarstjóra, og svaraði hann þeim greiðlega.
3. Takmörkun mjólkurflutninga til Samlagsins að vetrinum  
Um málið urðu nokkrar umræður og syndist sitt hvorum, en engin ákvörðun var tekin
4. Starfsemi deildarinnar þetta ár.  
Deildarstjóri skyrði frá því að mjólkur flutningur til Akureyrar mundu ekki hækka á þessu ári frá því sem var siðastliðið ár; jafnframt óskaði hann þess að menn, ef til þess kæmi að einhver vandræði yrði fyrir deildina með flutning eða fleira, að menn syndu þá samhug og æðruðust hvergi  
Útibússtjóri Baldvin Jóhannsson gat um það að mjólkursalan á Dalvík þyrfti að komast í betra horf en nú er, og hann vonaðist til að eitthvað yrði gert í því máli til úrbóta hið fyrsta. Fyrir spurn kom fram um útsölu verð mjólkur á Dalvík. Hækkun er 4 aur pr l. Fyrir spurn kom fram um það hvernig mjólkur flutningum yrði hagað á næsta sumri. Baldvin Jóhannsson svaraði því þannig; að hann gerði ráð fyrir að mjólkurbíllinn keyrði hringinn og flytti mjólk frá hverjum mjólkurframleiðenda á hverjum degi.  
Ósk kom fram um það að raða bót á því, að mjólk heltist ekki ekki niður í flutning með Bílnum til Akureyrar, sömuleiðis um betri meðferð á mjólkurdunkum.  
Deildarstjóri tók þessu vel svo vænta má að ráðin verði bót á þessu.
5. Kosning 3ja fulltrúa á aðalfund mjólkursamlags K.E.A.  
Kosningu hlutu.  
Ármann Sigurðsson Urðum m. 11 atkv.  
Þorleifur Bergsson Hofsa - 10 - " -  
Magnús Jónsson Hrafnstaðak. - 9 - " -  
Varamenn Gunnl. Gíslason Sokku  
Björn Jónsson Ölduhrygg  
Jón Gíslason Hofi
6. Samkvæmt reglum deildarinnar á einn maður að ganga úr stjórninni eftir hlutkesti og kom upp hlutur Ármans Sigurðsonar Urðum  
Færðist hann endregið undan endurkosningu. Var þá í stað Ármanns Sigurðsonar kosinn Jón Gíslason Hofi með 5 atkvæðum
7. Mál fundarmanna  
C. P. Holm Lagði fram tillögur um mokstur á akveginum, til að greiða fyrir flutningi á mjólk og fl.  
Um málið urðu nokkrar umræður.  
Var svo till. vísað til stjórnar deildarinnar.  
Fleira ekki fyrir tekið. Fundargerðin lesin upp og samþykkt Fundi slitið.  
Magnús Jónsson

Fundargerð.

Ár 1940 þann 20 mars hélt deildarstjóri Mjólkurdeildar Svarfdæla fund á Dalvík.

Þetta gerðist

1. Kosning formanns fyrir deildina  
Kosningu hlaut Magnús Jónsson Hrafnstk.  
Varaformaður kosin Jón Gíslason Hofi
2. Á aðalfundi deildarinnar haldinn 31. jan 1940 lagði C. P. Holm Völlum fram tillögur um mokstur á vegum hreppsins til að greiða fyrir flutningum á mjólk og fleira. Tillögum þessum var vísað til deildar stjórnarinnar til athugunar.  
Eftir að hafa yfir farið tillögurnar, sá stjórnin sér ekki fært að taka þær til greina að svo komnu.
3. Rætt um mjólkurflutning til Akureyrar en engin áhvörðun var tekin um verð, enn Baldvin Jóhannsson gaf það upp að það yrði eftir fremsta megni unnið að því, að flutnings gjald yrði ekki hækkað á þessu ári.

Fleira ekki fyrir tekið

Fundi slitið

Fundargerð

Ár 1940 Fimmtudaginn þ. 25 júlí kom stjórn mjólkur deildar Svarfdæla saman á fund á Dalvík

Var rætt um útsölu verð á mjólk á Dalvík Allir nefndar menn voru því samþykkir að útsölu verð á mjólk skyldi hækka um 4 auru lítrinn og sölu verð því, frá og með Fimmtudeginum 1. agust 30 aurar til fastra kaupenda og í lausa sölu 34. aurar. Fleira ekki fyrir tekið

Fundargerð

Ár 1940 Föstudaginn 1. Nov. var fundur haldin í mjólkursamlagsdeild Svarfdæla Formaður deildarinnar Magnús Jónsson setti og styrði fundinum og nefndi til skrifara Jón Gíslason.

Þetta gerðist.

1. Mjólkur nefnd tók til meðferðar ósk Rögvaldar Þorðarsonar Dæli um það að fá greiðslu fyrir það að mjólkurbíllinn hefði ekki sótt mjólk til sín nema í annað hvort skifti. Svaraði útbústjóri Baldvin Jóhannsson því á þá leið að slíkt kæmi ekki til mála, þar sem fleiri hefðu svipaða aðstöðu til flutninganna
2. Mjólkursalan á Dalvík  
Þar sem fram hefir komið umkvörtun frá kaupendum á mjólk á Dalvík um að hún sé ekki vel hrein, vill mjólkursamlagsdeild Svarfdæla áminna framleiðendur um að vanda sem mest frágang mjólkurinnar.
3. Þá ákvað mjólkursamlagsdeild að hækka útsölu verð á mjólk á Dalvík um 2 auru lítrann frá og með 3. Nov. þetta ár.  
Falið var Jóhanni Jónssyni að auglýsa þessa breytingu nú þegar.

Fleira ekki fyrir tekið.

1941
------

#### Fundargerð

Ár 1941 Mánudaginn 27 jan. kom stjórn mjólkurdeildar Svarfdæla saman á fund á Dalvík.

Þetta gerðist:

1. Samið við þá mjólkurframleiðendur er áður hafa skuldbundið sig til að selja mjólk til Dalvíkur, með sama fyrir komulagi og áður hefir verið, þó þannig að flutningsgjald á mjólkinni verði það sama og alment er greitt.  
Mjólkurframleiðendur þessir eru ábúendur jarðanna Ytra-Holti og Böggvisstaðir.  
Sömuleiðis var samið við Magnús Jónsson Hrafnstaðakoti með sama fyrir komulagi og áður, um sölu á mjólk til Dalvíkur.
2. Þá var rætt um mjólkurflutninga á árinu 1941 og samdist þannig, að Mjólkur bíllinn skuldbindur sig til að fara yfir sumarmánuðina þegar unt er fram að Lambá í Svarfaðardalnum og Skiðadalsárbrú í Skiðadal. undir þeim skilirðum sem nú eru gat útibústjóri þess að flutninggjald pr. lítra gæti aldrei orðið undir þrem aorum.
3. Rætt um hækun á útsöluverði mjólkur á Dalvík, og var sú ákvörðun tekin að hækka útsölu verð um 2 auru pr. lítra, og verður þá útsölu verð frá 15. feb. 1941 til fastra kaupenda 34 aurar lítrinn og í lausasölu 38 aurar pr. lítrinn.

Fleira ekki fyrir tekið

Fundi slitið

Jón Gíslason



## Fundargerð

Árið 1941 föstudaginn 31 janúar var aðalfundur mjólkursamlagsdeildar Svarfdæla haldinn í þinghúsinu að Grund.

Deildarstjóri Magnús Jónsson setti fundinn og stýrði honum.

Skrifari kosinn Björn Jónsson Ölduhrygg.

Gjörðir fundarins voru.

1. Lesin dagskrá fundarins.
2. Deildarstjóri skyrði frá störfum deildarinnar á árinu, og taldi þá starfsemi hafa gengið misfellingulítið. Innlögð mjólk deildarmanna hefir numið als á árinu 135,159 l. sem lelt [svo. sBG] var til Akureyrar en á Dalvík voru seldir 41,900 l. sem er nokkuð meira magn en undanfarið ár. Rjómi var fluttur til Akureyrar als 1,487½ l. Flutnings kostnaður mjólkurinnar var 3 aurar á líter á þessu liðna ári.  
Um mjólkur söluna á Dalvík urðu nokkrar umræður. Sú sala hafði varla gengið jafnvel og undanfarin ár sem stafaði af nokkru af því að brauðgerðin sem var starfandi undanfarin [ár] var lögð niður, og mjólkurafgangar því ekki notast jafnvel og áður.  
Útibússtjóri Baldvin Jóhannsson skyrði frá margskonar vandræðum í mjólkursölumálinu serstaklega þó þeim að mjólkinni væri ekki æskilega meðfarin á sumum þeim heimilum sem aðallega selja mjólk á Dalvík og af þeim ástæðum kæmu fram margskonar kvartanir frá kaupendum um óhreinindi í mjólkinni og fleira. Framtíðar lausn þess máls taldi hann vera byggingu mjólkurvinslustöðvar, en það yrði að líkindum að bíða betri tíma. Fyrir spurnum er fram komu varðandi starfseminna svaraði deildarstjóri
3. Starfsemi deildarinnar á þessu ári  
Deildarstjóri skyrði frá því að deildarstjórnin hefði rætt við útibústjóra um mjólkurflutningana fyrir árið 1941 og hefði orðið að samkomulagi, að útibúið annaðist flutningana með líku sniði og undanfarin ár, og bílarnir færu að Lambá í Svarfaðardal og Skíðadalsbrú yfir sumar mánuðina, þegar fært er að komast [á] þessa áfangastaði. Um flutningsgjald mjólkurinnar var ekki akveðið en þó mætti ganga út frá að það yrði ekki undir 3 aurum pr. líter.  
Útibústjóri talaði um mjólkurflutningana á víð og dreif. Taldi að margskonar kvartanir kæmu fram um þá, og ekki allar á rökum byggðar. Sagði hann að menn yrðu að líta á þau mál öll með sem fyllstum skylningi. Einnig gat hann þess að í ráði væri að auka bílakostin og kaupa nýjan stóran bíl er nu væri búíð að fá innflutningsleifi fyrir. Rætt var um nauðsyn þess að útbúa bilinn betur en verið hefir því mjólk hefði frosið mjög tilfínanlega nú uppá síðkastið. Taldi útibústjóri sjalfsagt að slík lagfæring væri gerð.
4. Kosningar. a) Fulltrúar á mjólkurs.fund  
Kosningu hlutu sem aðalmenn.

Gunnl. Gíslason Sökku	13 atkv.
Magnús Jónsson Hrafnstaðak.	9 -
Jón Gíslason Hofi	6 -
Varamenn. Haraldur Stefánsson Ytra- G.h.	5 -
Þorl. Bergsson Hofsa	5 -
Stefán Björnsson Grund	5 -

b) Kosinn 1 maður í deildarstjórn í stað Þórs Vilhjálmssonar Bakka  
Kosinn var. Gestur Vilhjálmsson Bakkagerði 5 atkv.

5. Mál fundarmanna

Deildarstjóri talaði um mjólkursöluna á Dalvík og taldi þau mál þyrftu frekari athugunar. Fól fundurinn deildarstjórninni, það mál til athugunar, og leifði deildarstjóra að nefna 2 menn er starfa skyldu með henni við ur lausn þeirra mála allra. Stakk hann uppá þeim Ármann Sigurðsyni Urðum og Gunnl. Gíslasyni Sökku.

Fleira ekki fyrir tekið

Fundargjörðin lesin upp og samþykkt

Fundi slitið

Jón Gíslason

Fundargerð

Ár 1941 þ. 4 apríl kom stjórn Mjólkurdeildar Svarfd. saman á fund á Dalvík.

Þetta gerðist:

1. Kosin formaður nefndarinnar Magnús Jonsson endurkosin
2. Athugaðir reikningar deildarinnar fyrir árið 1940. Seldir voru á Dalvík 41.900 ½ litrar á kr. 8.838,84. Eign í árslok var kr. 2,594.80 þó ber þess að geta að uppbætur eru ogreiddar fyrir árið 1940. Þær geta orðið C.a kr. 2.300  
Innstæða í reikningi Mjolkurnefndar var í árslok 1940 kr. 952.37
3. Rírnun á mjólkinni seldri á Dalvík árið 1940 er 2,122 litrar eða sem næst 5%
4. Þá var samið við útibússtjóra Baldvin Johannsson um mjólkursöluna á Dalvík Sölulaunin ákveðin þau sömu og síðastliðið ár 1 eyrir á litra. Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið  
Magnús Jónsson Gestur Vilhjálmsson

Fundargerð

Ár 1941 laugardaginn 26 apríl kom stjórn Mjólkurdeildar Svarfdæla og útibússtjór Baldvin Jóhannss saman á fund á Dalvík.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að gera tilraun með að flytja mjólkina til Akureyrar í sumar á hverjum degi bæði að austan og vestan.
2. Talað um mjólkursöluna á Dalvík, og ákveðið að hún skyldi hækka frá næstu mánaðarmótum um 4 pr. líter eða upp í 38 aura líterinn til fastra kaupenda. Í lausasölu 42 aura líterinn.

Fleira ekki fyrir tekið

Fundi slitið

Jón Gíslason

Gestur Vilhjálmsson  
Magnús Jónsson

#### Fundargerð

Ár 1941 laugardaginn 14 júní var mjólkurnefnd Svarfdæladeildar K.E.A. komin saman á fundi á Dalvík ásamt útibússtjóra Baldvin Jóhannssyni.

Þetta gerðist

1. Rætt um útsöluverð á mjólk á Dalvík. Ákveðið að hækka verðið um 12 aura pr. lítra eða í kr. 0/50 literinn frá og með 16 þessa m.
2. Rætt um greiðslu á upphaldi Þorsteins Jóhannessonar bílstjóra á Akureyri í vetur þegar hann varð vegna samgöngubans að dvelja þar innra um nokkurn tíma. Útibússtjóri lofar að greiða af reikningi mjólkurbilsins fyrir herbergi sem hann hafði á leigu þann tíma.

Fleira ekki fyrir tekið

Fundi slitið

Jón Gíslason

Gestur Vilhjálmsson  
Magnús Jónsson

#### Fundargerð

Ár 1941 Sunnudaginn 14 september var fundur haldinn af stjórn Mjólkurdeildar Svarfdæla á Dalvík. Mættir voru úr deildarstjórn Magnús Jónsson og Jón Gíslason ásamt útibússtjóra Baldvin Jóhannssyni

Þetta gerðist

- 1 Rætt var um útsöluverð á Mjólk á Dalvík, og ákveðið var að það skyldi hækka um 6 aura pr. líter, eða útsöluverð á líter 56 aurar frá og með 15 sama manaðar.

Fleira ekki fyrir tekið

Fundi slitið

Jón Gíslason

Gestur Vilhjálmsson  
Magnús Jónsson

### Fundargerð.

Ár 1941 manudaginn 15 des. var stjórn mjólkurdeildar Svarfdæla saman komin á fund á Dalvík  
Útibússtjóri Baldvin Jóhannsson var einnig mættur.

Þetta gerðist:

1. Rætt um hækkun á útsölu mjólkurinnar á Dalvík .  
Eftir fregnum frá mjólkursölunefndinni á Akureyri gerir hún ráð fyrir að hækka útsöluverð á mjólk 1. jan. n.k. Því ákvað nefndin að mjólkín hér á Dalvík skuli hækka í sama hlutfalli og verið hefur ca hálfum mánuði síðar en þar, og var formanni nefndarinnar Magnúsi Jónssyni falið að sjá um hækkunina í samráði við útibússtjóra.

Fleira ekki fyrir tekið.

Fundi slitið.

Jón Gíslason Gestur Vilhjálmsson  
Magnús Jónsson

1942
------

### Fundargerð

Árið 1942 Þann 16. Janúar, var stjórn mjólkurdeildar Svarfdæla saman komin á fund á Dalvík, ásamt útibússtjóra Baldvini Jóhannssyni.

Þetta gerðist:

1. Rætt um samning við mjólkurframleiðendur þá sem sent hafa mjólk sína til Dalvíkur, á útsölu þar. Upplýstist að samið hefur [verið] við Johannes Helgason Ytra-Holti og Magnús Jónsson Hrafnstaðakoti á sama grundvelli og árið áður og visast her með til fundargerðar frá 27 Janúar 1941. Magnúsi Jónssyni var falið að semja við abúandann á Böggvisstöðum
2. Þá var rætt um mjólkurflutningana árið 1942, og samið um að flutningunum yrði hagað á sama hátt og sl. ár. Flutningsgjald á lítra var 3 ½ eyrir, og er gert ráð fyrir sama gjaldi þetta ár, svo fremi sem verðlag á bensini og öðru bílunum viðkomandi ekki hækki í verði.
3. Þá var rætt um hækkun útsöluverð mjólkurinnar á Dalvík. Formaður upplýsti að áður en hann hefði fengið vitneskju um mjólkurhækkunina á Akureyri, hefðu verið sett bráðabirgða lög um festingu vöruverðs á landinu. Út frá því taldi nefndin ekki rett að hækka mjólkurverðið að svo stöddu en ákvað hinsvegar að senda formann nefndarinnar til Akureyrar, til viðtals við mjólkurverðlagsnefndina þar og taldi sjálfsagt að fara þess á

leit við nefndina að hún sækti um hækkun á útsöluverði mjólkurinnar á Dalvík, - til hins nyskipaða gerðardoms.

Fleira ekki fyrir tekið.

Fundi slitið.

Gestur Vilhjálmsson

### Fundargerð.

Ár 1942 fimmtudaginn 29 janúar var aðalfundur mjólkursamlagsdeildar Svarfdæla haldinn í þinghúsi hreppsins að Grund.

Deildarstjóri Magnús Jónsson setti fundinn og stýrði honum.  
Skrifari kosin Gestur Vilhjálmsson.

Þetta gerðist:

1. Lesin dagskrá fyrir fundinn.
2. Störf deildarinnar á liðnu ári.

Deildarstjóri skýrði störf deildarinnar og taldi að þau hefðu gengið mjög vel. Til Mjólkursamlagsins á Akureyri voru fluttir 204.778 ½ lítrar eða um 70. þús lítrum meira en árið áður. Á Dalvík voru seldir 38.142 lítrar eða 3.757 lítrum minna en árið 1940. Alls seld mjólk árið 1941 242.920 lítrar. Lauslega áætlað gerir þetta kr. 89. þús.

Þá skýrði deildarstjóri frá hvernig hefði gengið með mjólkurflutningana og taldi að þeir hefðu tekist mjög vel, enda hafði Utibússtjóri Baldvin Johannsson verið mjög hjálpsamur í því efni. Flutningsgjald pr. lítra til Akureyrar var 3 ½ eyrir.

Mjólkursalan á Dalvík gekk sæmilega. Mjólk keypt inn fyrir kr. 11.929,69 en seld út fyrir kr. 16.553,61.

Rirnun var sem næst 4% og eru engar líkur til að hún geti orðið minni. Á árinu 1940 var hún um 5%. Útsöluverð á Dalvík var sem næst 42 aurar pr. líter til jafnaðar.

Enn fremur skýrði deildarstjóri lauslega frá starfsemi Mjólkursamlagsins á Akureyri á sl. ári

3. Starfsemin á þessu ári.

Deildarstjóri skýrði frá því að flutningsgjald mjólkurinnar mundi verða líkt og á sl. ári 3 ½ eyrir pr líter

Hann sagði og að strags og vegir yrðu færir mundi verða farið að hringkeyra eins og á sl. ári og þá yrði farið sinn daginn fram hvoru megin í sveitinni.

Þá kvatti deildarstjóri til þess að menn kæmu sér upp skýlum við veginn yfir mjólkurdúnkana og ymislegt annað, sem sent er með bilnum.

Þá var rætt um hvort bíllinn gæti ekki sótt mjólk í Skíðadalinn þegar hann á annað borð hringkeyrði.

Utibússtjóri – sem staddur var á fundinum – taldi að á meðan flutningsgjald væri haft svo lágt sem unt væri eins og altaf hefði verið gert, og eigi væri um meiri mjólk að ræða en þar væri nú, þá væri mjög örðugt að sækja mjólkina þangað, jafnvel þó ekki væri nema í Dæli. Þó hvað hann að þegar vegir væru orðnir góðir mundi hann eigi vera því mótfallinn að mjólkinn yrði sótt fram að Dæli um háannatímamann svo fremi að um nokkuð

mjólkurmagn væri að ræða og að billinn gæti samt verið komin nægilega snemma til Akureyrar á morgnana eða eigi síðar en kl. 11 f h d.

4. Kosnir 4 fulltrúar til að mæta á aðalfundi Mjólkursamlagsins

Þessir hlutu kosningu:

Magnús Jónsson Hrafnstaðakoti

Gunnlaugur Gíslason Sökku

Björn Jónsson Ölduhrygg

og Haraldur Stefánsson Ytra Garðshorni.

Til vara voru kosnir.

Jón Gíslason Hofi

Rögnvaldur Þórðarson Dæli og

Þorleifur Bergsson Hofsá

5. Kosin einn maður í deildarstjórn í stað Magnúsar í Hrafnstaðakoti. Kosningu hlaut:

Magnús Jónsson Hrafnstaðakoti

6. Kosin varamaður í deildarstjórn

Kosningu hlaut Björn Jónsson Ölduhrygg.

Fleira ekki fyrir tekið

Fundargerðin lesin upp og samþ. í einu hljóði. Fundi slitið

Gestur Vilhjálmsson

Afrit af bréfum.

Eins og stjórn K.E.A. er kunnugt fóru mjólkurframleiðendur Svarfaðardals fram á það á aðalfundi Mjólkursamlagsins að fá að njóta sömu þátttöku í Samlaginu á þessu ári sem áður. En á fundi er haldin var í deildinni um þetta mál, nú fyrir skemstu komu einhliða raddir fram um það að stofna deild og sækja um upptöku deildarinnar í Samlagið nú þegar.

Á þessum fundi var því deildin stofnuð og kosin 3ja manna nefnd til að sjá um mjólkurflutning og annað eins og hliðstæðar deildir hafa gert.

Í tilefni af ofanrituðu fer ég þess því hér með á leyt fyrir hönd áminstrar deildrar að henni verði veitt upptaka í Mjólkursamlagið sem félagsbundnum þátttakanda.

Geta vil ég þess að mér var falið að reka þetta erindi og vænti þessvegna að stjórnin gefi mér svar við fyrstu hentugleika.

Virðingarfyllst

st. á Akureyri 16. apríl 1935

f. Mjólkurdeild Svarfdæla,

Ármann Sigurðsson.

- - -

Á aðalfundi mjólkurdeildar okkar Svarfdæla var samþykkt tillaga þess efnis að reyna að ná samkomulagi við Dalvíkinga um mjólkursölu þar. Þessi tillaga kom fram vegna yfirvofandi erfiðleika á vetrarflutningi mjólkur til Akureyrar.

Í tilefni af ofanskráðu snúum [við] okkur til stjórnar K.E.A. með þá ósk að fá undanþágu frá því ákvæði 4. gr. reglugerðar samlagsins er mælir fyrir um afhendingu mjólkur til samlagsins, þannig að stjórnin leyfi deildinni að setja á fót og annast á eigin reikning mjólkursölu á Dalvík.

Hinsvegar sé okkur jafn opin leið að senda mjólk í samlagið eftir þorfum, sem áður.

Væntum við að stjórn K.E.A. sjái sér fært að verða við þessari málaleytnun okkar, þar eð heita má að við séum einangraðir hvað vetrarflutning mjólkur snertir.

P. t. Akureyri 19. marz 1936

Deildarstjórnin.

Til stjórnar Kaupfélags Eyfirðinga  
Akureyri.

- - -

Akureyri, 28. marz 1936.

Hr. bóndi: Ármann Sigurðsson,  
Urðum,  
Svarfaðardal.

Erindi það frá deildarstjórn mjólkurdeildar Svarfdæla, sem Kaupfélagi Eyfirðinga hefir borist, var í gær tekið fyrir á stjórnarfundum og gerð um það þannig loguð bókun:

„ Deildarstjórn mjólkurdeildar Svarfdæla sækir að deildin fái leyfi til mjólkursölu á Dalvík án þess að tapa réttindum til þess að flytja mjólk til Mjólkursamlags K.E.A.

Út af því samþykkir stjórnin að veita hið umbeðna leyfi til bráðabirgða „

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,  
pr. pr. Kaupfélag Eyfirðinga

Vilhjálmur Þór.

- - -

#### Afrit.

Á fundi mjólkursamlagsdeildar Svarfdæla, sem haldinn var 27. janúar 1944, var svohljóðandi tillaga samþykkt í einu hljóði:

„ Fundurinn samþykkir að fela deildarstjórn að senda þingmönnum kjördæmisins áskorun undirritaða af sem allra flestum mjólkurframleiðendum í hreppnum, um að nú þegar á næsta sumri verði byggðir vegakaflarnir yfir Holtsskriðu og Grundarskriðu, og byggð brú á Hofsá. “

Þar sem stjórn mjólkursamlagsdeildarinnar lítur svo á, að með öllu sé óþarft að leita undirskrifta um áskorun þá sem að framan getur; í fyrsta lagi vegna þess, að það er brennandi spursmál mjólkurframleiðenda, að fá umrædda vegakafla byggða, og í öðru lagi voru flestir mjólkurframleiðendur mættir á nefndum fundi, þá leyfir stjórnin sér, að sniðganga tillöguna að þessu leiti, og senda hana aðeins sem einróma áskorun fundarins án undirskrifta.

Hinsvegar vill stjórnin taka það fram, að hún leggur mikla áherslu á, að tillagan verði tekin til greina, og að hún treystir þingmönnum sínum til að fylgja málinu fram við vegamálastjóra, því umbætur á vegaköflum þeim og byggingu á brú þeirri er tillagan ræðir um er stórt fjárhagsatriði fyrir alla hreppsþúa, þó sérstaklega komi það fram í sambandi við mjólkurflutningana. Stjórnin vill láta þess getið, að þeir sem fara um Svarfaðardal að sumri tilm munu eftilvill líta svo á, að vegakaflarnir séu eigi þeir þrándar í götu, sem þeir í raun og veru eru.

Og sannleikurinn er sá, að á sumrin er að þeim einginn verulegur farartálmi. En það kemur allt annað fram á veturna, þá eru þessir vegakaflar um lengri tíma alófærir bílum, vegna krapa og uppbólginna lækja, sem yfir þá renna.

Um Hofsá er það að segja, að hún er bein hindrun um lengri eða skemri tíma, og það getur komið fyrir á hvaða tíma árs sem er.

Að reifa þetta mál frekar fyrir þingmönnum telur stjórnin ástæðulaust, þar sem þeim má ljós vera nauðsyn málsins.

Virðingarfyllst.

s.t. Grund 8. febr. 1944.



Í stjórn Mjólkursamlagsdeildar Svarfdæla

Daníel Júlíusson.

Til Alþingismanna  
Eyjafjarðarsýslu.

- - -

Fundargerð

Ár 1942 laugardaginn 14 febrúar, var mjólkurnefnd Svarfdæladeildar ásamt útibússtjóra saman komin á fund á Dalvík.

Magnús Jónsson setti fundinn og stýrði honum  
Þetta gerðist:

1. Kosin deildarstjóri fyrir þetta ár.  
Kosningu hlaut Magnús Jónsson bóndi í Hrafnstaðakoti.
2. Rætt um hækkun á útsöluverði á mjólk á Dalvík. Formaður skyrði frá því að á nýafstöðnum ársfundi Mjólkursamlagsins á Akureyri hefði verið lagt til að uppbót á innvegin mjólkurlitra yrði 15 aurar. Út frá því syndist nefndinni rík ástæða til að hækka mjólkina svo mikið sem föng yrðu á. Formaður sagði að framkvæmdarstjóri Jakob Frímansson hefði talið okkur óhætt að hækka mjólkina hér alt að Akureyrarverði, þar sem líka mætti lyta á það að nú er vinnslumjólkinn í hærra verði en sölumjólkinn. Að öllu þessu athuguðu akvað nefndin, að ákveða útsöluverð mjólkur hér á Dalvík [í] 68 au. pr. lítra frá og með 17 þ.m. Jóhanni Jónssyni í U.K.E.A. falið að auglýsa hækkunina nú þegar.

Út frá þessu var talað um að ástæða væri til að vinna að því að Samlagið vildi greiða útsölnunni hér á Dalvík sem svarar því sem altaf verður að selja mjólkina ódýrari en á Akureyri vegna þess að hún er og verður altaf ógerilsneidd. Samþ. að fela formanni nefndarinnar að annast um þetta við mjólkursamlagið og framkvæmdarstjóran.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundargerðin lesin og samþ.

Fundi slitið

Jón Gíslason

Gestur Vilhjálmsson

#### Fundargerð

Ár 1942 þann 4 Águst kom stjórn mjólkurdeildar Svarfdæla saman á fund á Dalvík þetta gerðist.

Stjórnin ákvað að útsöluverð á mjólk skyldi hækka úr 68 aurum í 85 aur líter frá og með 5 Agust.

Fleira ekki fyrir tekið.

Jón Gislason

Gestur Vilhjálmsson

#### Fundargerð

Ár 1942 þann 19 september kom stjórn mjólkurdeildar Svarfdæla saman á fund á Dalvík. Þetta gerðist.

Stjórnin ákvað að útsöluverð á mjólk skyldi hækka út 85 aurum literinn, í 1.10 kr. frá og með 20 september

Fleira ekki fyrir tekið.

Jón Gislason

Gestur Vilhjálmsson

#### Fundargerð.

Ár 1942 laugardaginn 31 oktb. var stjórn mjólkurdeildar Svarfdæla komin saman á fund ásamt útibússtjóra Baldvini Johannssyni á Dalvík.

Þetta gerðist.

1. Rætt um flutningsgjald á mjólk deildarmanna þ.a. Útibússtjóri skyrði frá því að vegna geisilegrar hækkunar á öllu sem tilheyrði bilnum einkum bilstjórakaups, yrði flutningsgjald mjólkurinnar að hækka all mikið eða í 5 aura pr. liter. Nefndin samþykkti gjald þetta.
2. Þá var rætt um flutningana ef landflutningar teptust. Útibússtjóri skyrði frá að hægt mundi vera að fá bát en hætt væri við að hann mundi aldrei kosta innan við kr. 300. á dag, og líklega þó meir. Nefndin leit svo á að sjálfsagt væri að halda uppi flutningum svo lengi sem auðið væri, þar sem nú er hækkað verð á mjólkinni og magnið líka æði mikið.

Fleira ekki fyrir tekið.

Fundi slitið.

Jón Gíslason

Gestur Vilhjálmsson

Fundargerð

Ár 1942 14 desember var stjórn mjólkurdeildar Svarfdæla komin saman á fund á Dalvík.  
Þetta gerðist.

Stjórnin ákvað að útsöluverð á mjólk skyldi hækka úr 1.10 Kr. í Kr 1.28 literinn.

Fleira ekki fyrir tekið.

Jón Gíslason

Gestur Vilhjálmsson

1943
------

Fundargerð

Ár 1943 fimtugdaginn 14 jan. var mjólkurnefnd Svarfdæladeildar mætt á fundi á Dalvík, ásamt útibússtjóra Baldvín Johannssyni.

Þetta gerðist:

1. Rætt um mjólkurflutningana á næsta ári. Útibússtjóri tók að sér að flytja mjólkina með sama fyrir komulagi og verið hefir. En hvað flutningsgjaldið yrði, gat hann ekkert sagt um vegja oakeðinna tíma og svo er ekki heldur uppgerður rekstur bílanna fyrir árið sem leið. En hann lofaði að stilla flutningsgjaldinu í hof eftir því sem hægt væri
2. Þá var rætt um þá mjólk sem flutt er til Dalvíkur og seld þar. Vegna þess að nú er farið að flytja mjólk á hverjum degi úr allri sveitinni og hringkeyrt, þá er örðugt að taka alla mjólkina að vestan því var talið að rett væri að taka Boggvisstaðamjólkina daglega og auk þess þyrfti að tryggja mjólk frá sama bænum og hvorum kjálka sinn daginn hvorn. Sunnudagsmjólk yrði þá tekin frá Boggvisstöðum og á öðrum hinum bænum. Formanni var falið að semja um þessi atriði við viðkomandi menn

Fleira ekki fyrir tekið.

Fundi slitið.

## Fundargerð

Ár 1943 þriðjudaginn 2 febrúar var aðalfundur mjólkurdeildar Svarfdæla settur og haldinn í þinghúsi hreppsins að Grund.

Formaður deildarinnar Magnús Jónsson setti fundinn og stýrði honum

Skrifari kosinn Gestur Vilhjálmsson

Þetta gerðist

1. Lesin dagskrá fyrir fundinn.

2. Störf deildarinnar á síðast liðnu ári

Formaður skyrði frá starfssemi deildarinnar og hvað hana hafa gengið mjög vel. Einkum það að nú höfðu flutningar til Akureyrar aldeir teppst nema orfáa daga í apríl vegna vegabanns.

Til samlagsins voru fluttir 289.639 litrar eru það 85,361 litrar meira en árið áður.

Til útsölnnar á Dalvík voru fluttir 39.139 litrar sem er 9.97 litr. meira en árið áður. Selt út 37.167 litr. Rirnun því rösk 5%

Mjólkinn á Dalvík seld í ársbyrjun fyrir 56 aura pr. liter en í árslok á Kr. 1.28 meðalútsöluverð allt árið 83 au pr. liter. Flutningsgjaldið á mjólkinni var 5 aur pr lit. Þá minntist formaður á reikningsniðurstöðu mjólkursölnnar a Dalvík. Vegna þess að samlagið greiddi háa uppbót Kr. 0.15 pr. liter á mjólkina frá árinu 1941 varð raunveruleg útkoma þess árs mjög slæm, en nokkrar líkur eru til að nú batni sú útkoma allmikið jafnvel þótt uppbót verði allrifleg. Þá tók útibússtjóri Baldvin Jóhannsson til máls.

Hvað hann meðal verð hjá mjólkursölnni á Dalvík til bænda 62 aurar pr. liter, en 56 aur pr. liter í samlaginu á Akureyri. Þessi verðmunur liggur í feitari mjólk her en í samlaginu. Þá minntist hann á flutningana. Hvað hann útibúið búið að kaupa tvo bíla á árinu, þeir hefðu verið mjög dyrir og því væri rík ástæða til að geta greitt þá niður nú á meðan alt er enn í hau verði, þess vegna yrðu flutningarnir pr. lítra að verða nokkuð háir.

Þá minntist hann á [að] ýmsa mjólkurframleiðendur vantaði dúnka til flutninganna. Hvaðst hann hafa gert alt sem hann hefði getað til að útvega dúnka, en það hefði borið lítinn árángur, þó væri ekki með öllu vonlaust um að takast mundi að útvega þá frá Ameríku. Ymsir fleiri tóku til máls og ræddu málið á víð og dreif, og virtust menn ánægðir með reksturinn og starfssemina yfirleitt

Fyrirspurn kom fram um það hvort samið væri um mjólkurflutningana um lengri tíma

Útibússtjóri upplýsti að svo væri ekki, en hann taldi að litlar líkur væru til að hægt yrði að flytja mjólkina fyrir lægra verð en útibúið gæti flutt fyrir a hverjum tíma. En vildu framleiðendur taka þetta sjálfir í sínar hendur mundi útibúið als ekki halda í þá.

Þá var óskað eftir að útibúið gæfi vikulegar nótur yfir þá mjólk sem tekinn er af bílum til mjólkursölnnar a Dalvík. Útibússtjóri lofaði að bæta úr þessu nú þegar.

3. Framtíðarstarfsemi:

Rætt var um framtíðarstarfsemi frá ýmsum hliðum. T.d. talaði Stefán a Grund um það bryna nauðsyn bæri til að hugsa fyrir því á hvern hátt hægt væri að flytja mjólkina að vetrinum þegar svo mikil snjóalog gerði að venjulegum bílum væri ekki fært. Benti hann helst á snjóbil eða einhver lík tæki

Ennfremur var minnst á ymislegt fleira svo sem að mjólkinn vildi frjósa á bílum og því þyrfti að breiða yfir dúnkana á bílum ef frost er. Og eins það að billinn mætti ekki fara frá ákveðnum stöðum fyrir fastákveðinn tíma, og lofaði útibússtjóri að taka það til athugunar

Þá talaði útibússtjóri um það að hann liti svo á að framtíðarlausnin á þessu máli væri mjólkurstöð á Dalvík, og væri ekki óhugsandi að hægt yrði að fara að vinna að því máli þegar tímarnir breyttust.

Þá var og rætt snjómokstur og vegabætur í hreppnum og brúargerðir.

Svohljóðandi tillaga kom fram og var samþ. í einu hljóði

Aðalfundur Svarfdæladeildar Mjólkursamlags K.E.A. haldinn að Grund þ. 2 febr 1943 væntir þess fastlega að Sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu gerir sitt ytrasta til þess að byggðar verði á næsta sumri brýr á Hofsá Holtsá og Brimnesá í Svarfaðardalshreppi. Telur fundurinn að brúarleysið á Hofsá hafi sérstaklega valdið mjólkurframleiðendum miklu tjóni og erfiðleikum. Jafnframt skal áherzla lögð á það að Holtsárbrú hefir verið ymist ofær eða hættuleg yfirferðar svo oforsvaranlegt má telja

4. Kosin einn maður í mjólkurnefnd til næstu þriggja ára. Kosningu hlaut Þorleifur Bergsson Hofsá

5. Kosnir 6 fulltrúar til að mæta á aðalfundi Mjólkursamlags K.E.A. Kosningu hlutu

Magnús Jónsson	Hrafnstaðakoti
Gunnlaugur Gíslason	Sökku
Þorleifur Bergsson	Hofsá
Haraldur Stefánsson	Ytra-Garðshorni,
Björn Jónsson	Ölduhrygg,
Jón Gíslason	Hofi.

Varamenn	Gestur Vilhjálmsson	Bakkagerði
	Páll Friðfinnsson	Hrafnstöðum
	Þór Vilhjálmsson	Bakka og
	Soffonias Jónsson	Hóli

Fleira ekki fyrir tekið  
Fundargerðin upp lesin og samþ.

#### Fundargjörð

Ár 1943 föstudaginn 16 apríl var stjórn mjólkursamlagsdeildar Svarfdæla saman komin á fund á Dalvík

Á fundinum var og mættur útibússtjórinn Baldvin Jóhannsson.

1. Kosin formaður nefndarinnar fyrir yfirstandandi ár. Kosningu hlaut Magnús Jónsson Hrafnstaðakoti
2. Rætt um mjólkursöluna á Dalvík.

Nú lá fyrir fullnaðarreikningur yfir mjólkursöluna. Eftirstöðvar í árslok voru kr. 7.563.00. Þó þetta sýnist í fljótu bragði allalitleg upphæð, er þess að gæta að þar sem uppbót á mjólk selda á árinu er 21 eyrir pr. litra – sést að það verður samtals kr. 8.224.49 verður því raunverulegur undirballans ársins 1942 kr. 561.49.

Nú samþ. nefndin að leita til stjórnar K E A og samlagsstjóra, um það hvort þeir vildu ekki láta Samlagið greiða mjólkursölunni nokkurn hluta þess taps sem hún hefur orðið fyrir, en í því sambandi er þess að gæta að mjólkursalan er nú loks búin að tapa þeim sjóðum sem myndast höfðu fyrir á árum.

Þá skýrði útibússtjóri frá því að framvegis yrði hann að fá allmikið hærri sölulaun á mjólkina á þessu yfirstandandi ári.

Fleira ekki fyrir tekið.

Fundi slitið

Magnús Jónsson

Gestur Vilhjálms

Þorleifur Bergsson

#### Fundargjörð.

Ár 1943 mánudaginn 25 okt var stjórn mjólkursamlagsdeildar Svarfdæla saman komin á fund á Dalvík.

Á fundinum var og mættur Baldvin Jóhannsson útibússtjóri.

Þetta gerðist:

1. Útibússtjóri skýrði frá því að nú væri ákveðið að Mjólkursamlag K E A tæki nú að sér sölu á mjólk á Dalvík frá 1. okt. Og seldi það þá gerilsneidda mjólk daglega, nema ef flutningar tepptust. Væri því mjólkurnefndin laus við mjólkursöluna frá sama tíma.
2. Ákveðið að segja upp þeim mjólkurframleiðendum, sem hafa selt mjólk til mjólkursölnnar á Dalvík.  
Formanni nefndarinnar falið að tilkynna viðkomandi framleiðendum þetta.
3. Rætt um verð á mjólkurflutningum til Akureyrar þetta ár.  
Vegna erfiðra flutningsskilyrða sl. vetur hafa orðið allmiklar bilanir á bílunum bæði þá og í sumar. Því getur flutningskostnaður ekki orðið lægri en kr. 0.08 pr. litra.  
Þegar nefndin hafði athugað þetta alt grandgæfilega s.s. hækkun á vísitölu og fl. taldi hún sir ekki fært annað en samþykkja þetta.

Fundi slitið.

Magnús Jónsson

Gestur Vilhjálms

Þorleifur Bergsson

1944

#### Fundargjörð

Ár 1944 miðvikudaginn 19 janúar var stjórn mjólkursamlagsdeildar Svarfdæla, samankomin á fund, ásamt útibússtjóra Baldvin Jóhannssyni, á Dalvík.

Þetta gerðist:

1. Rætt um mjólkurflutningana til Ak á þessu ári.  
Útibússtjóri tók að sér að flytja mjólkina eins og verið hefur, svo fremi að aðalfundur deildarinnar ekki ákveði annað. Um flutningsgjald er hinsvegar ekki hægt að semja nú en útibússtjóri lofar að stilla því svo í hóf, sem unt er.  
Þá var og rætt um flutningana ef bílar tepptust að vetrinum til.  
Ákveðið var að fá bát til flutninganna en hinsvegar bjóst útibússtjóri við að þá gæti flutningsgjaldið orðið alt að 20 aur. pr. l.

Fleira ekki fyrir tekið

Fundi slitið

Gestur Vilhjálmsson

Þorleifur Bergsson

Magnús Jónsson

#### Fundargjörð.

Ár 1944 fimmtudaginn 27 janúar var aðalfundur mjólkurdeildar Svarfdæla settur og haldinn í þinghúsinu að Grund.

Formaður deildarinnar Magnús Jónsson setti fundinn og stýrði honum.

Skrifari kosinn Gestur Vilhjálmsson

Þetta gerðist:

1. Lesin dagsskrá fyrir fundinn.
2. Starfið á liðnu ári:

Formaður skýrði frá störfum deildarinnar á árinu 1943. Mjólk hefur verið flutt til Akureyrar alt árið, þó allmikilir örðugleikar væru stundum á flutningunum í fyrravetur vegna snjóá og svo aurbleytu þegar fram á vorið kom.

En þegar landflutningar tepptust var altaf flutt sjóveg. Og var útibússtjóri mjög áhugasamur og duglegur við að útvega bát og kom þannig þessari vöru í verð. Á árinu voru fluttir til Akureyrar 354.545 lítrar og seldir á Dalvík 21.422. eða alls framleidd til sölu, 375.967 lítrar, sem er 47 189. litrum meira en árið áður.

Þá var mjólkursalan á Dalvík logð niður og tók Mjólkursamlag K E. A. að sér að reka mjólkursöluna á Dalvík frá 1. okt. sl. ár.

Um fjárhagshlið deildarinnar eða mjólkursölnunnar, sem hefur verið rekin á ábyrgð deildarinnar, er ekki hægt að segja nú, þar sem ekki er enn vitað um mjólkuruppbot o.fl. en ganga má út frá því að öll sjóðeign muni algjörlega uppétin.

Þá talaði útibússtjóri um flutningana yfirleitt og rekstur bílanna og taldi að útkoman á þeim hefði verið mjög slæm þrátt fyrir óvenjumikla flutninga. En að því studdi erfitt tíðarfarar á sl. ári og ýmsar alldýrar bilanir sem þeir urðu fyrir.

Ennfremur skýrði hann frá því að nú á næsta sumri mundi verða breytt til þannig að mjólkinn yrði flutt öll á einum bíl, og á honum væri þá ekki farþegjapláss enda væri þá raðgert að einn bílstjóri annaðist alla mjólkurkeyrslu bæði innsveitis og til Akureyrar.

Þá skýrði hann og frá því að meðalverð sem bændur hefðu fengið fyrir mjólkina sl. ár mundi vera 83 aur. pr. l.

3. Formaður skýrði frá því að utibúið hefði tekið að sér mjólkurflutningana á yfirstandandi ári, samkvæmt fundargjörð deildarstjórnar frá 19 jan sl. Var hún lesin upp, fyrir fundarmenn.

Þá áminnti formaður fundarmenn um að hirða vel mjólkina, td. að sjá um að hún næði ekki til að frjósa aður en farið væri á stað með hana, og um fram alt að láta ekki bílstjörann þurfa að krafla mjólkurbrúsana upp ur lækjum að vetrinum til

Umræður urðu mjög miklar um öll þessi mál einkum um flutning á mjólkinni bæði á landi og sjó.

Þó að menn greindi dalitið á um þau efni var engin tilaga logð fram um það en viðvikjandi fjárhag deildarinnar kom fram svohljóðandi tillaga, og var samþykkt í einu hljóði:

„ Fundurinn samþykkir, að af verði mjólkur, sem deildin flytur til Samlagsins greiði framleiðendur 1% til afnota fyrir deildina. “

4. Vegamál: Gestur Vilhjálmsson ræddi um hina miklu örðugleika á bílflutningum hér um sveitina einkum að vetrinum mikið vegna þess að ýmsir vegar kaflar væru oftast nær illfærir, og að hér þyrfti að bæta úr hið bráðasta.

Lagði hann fram svohljóðandi tillögu sem var samþykkt í einu hljóði

„ Fundurinn samþykkir, að fela deildarstjórn að senda þingmönnum kjördæmisins áskorun undirritaða af sem allra flestum mjólkurframleiðendum í hreppnum, um að nú þegar á næsta sumri verði byggðir vega kaflarnir yfir Holtsskriðu og Grundarskriðu og byggð brúin á Hofsa. “

5. Kosningar:

- a) Kosinn einn maður í deildarstjórn til næstu þriggja ára í stað Gests Vilhjálmssonar, er setið hafi í stjórninni eitt kjörtímabil og gaf ekki kost á sér afram. Kosningu hlaut Daníel Júlíusson, SyðraGarðshorni.

- b.) Kosnir sjö fulltrúar til að mæta á aðalfundi Mjolkursamlags KEA.

Kosningu hlutu

Magnús Jónsson Hrafnstaðakoti	með	11 atkv.
Þorleifur Bergsson Hofsa	-	11 -
Björn Jónsson Ölduhrygg	-	10 -
Jón Jónsson Gröf	-	9 -
Helgi Símonarson Þverá	-	9 atkv.
Stefán Björnsson Grund	-	9 -

- og Haraldur Stefánsson Ytra Garðshorni

með hlutkesti milli hans og þeirra

Gests Vilhjálmssonar Bakkagerði og

Gunnlaugs Gíslasonar Sökku sem báðir höfðu líka 8 atkvæði. Voru þeir því ákveðnir fyrstu varamenn og auk þeirra

Áskell Jóhannesson Syðra Hvarfi	með	7 atkv.
---------------------------------	-----	---------



og Ingimar Guttormsson Skeggsstöðum

- 7 -

6. Helgi Símonarson minntist á að full ástæða væri til að deildin sem slík færi að hugsa fyrir að eignast eitthvert tæki sem haldið gæti vegunum færum yfir veturinn þótt illa viðraði. Benti á að sá sem helst kynni að vita um þessháttar tæki og kunna skil á þeim mundi vera Árni G Eylands.

Fundurinn fól deildarstjórninni að leita upplýsinga hjá Arna í þessu efni.

Fleira ekki fyrir tekið, fundargerðin lesin upp og samþ. í einu hljóði  
Fundi slitið

Gestur Vilhjálmsson  
Magnús Jónsson  
Þorleifur Bergsson

#### Fundargjörð

Ár 1944, þriðjudaginn þann 8. febr kom stjórn mjólkurdeildar Svarfdæla saman á fund í þinghúsinu, að Grund.

Mættir voru allir stjórnarnefndarmenn á fundinum og auk þess Þórarinn Kr. Eldjárn á Tjörn  
Þá var tekið fyrir:

1. Kosin formaður. Kosningu hlaut Magnús Jónsson.
2. Á aðalfundi mjólkurdeildarinnar haldin 27. f.m. var stjórninni falið að senda þingmönnum Kjördæmisins tillögu í vegamálum, sem einróma var samþykkt á fundinum. Stjórninni kom saman um, að sniðganga tillöguna að því leiti, að leita engra undirskrifa, en senda hana sem einróma áskorun frá fundinum, þó því aðeins að tillögumaður fyrir sitt leiti væri því samþykkur.

Visast að öðru leiti til afrits af ávarpi því er nefndin sendi þingmönnum með tillögunni, sem ritað verður í gerðarbók deildarinnar.

Fleira var ekki fyrir tekið  
Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið.

Magnús Jónsson  
Þorleifur Bergsson      Daníel Júlíusson

## Fundargerð

Árið 1945 þriðjudaginn 2. janúar kom stjórn mjólkurdeildar Svarfdæla saman á fund á Hofsá. Þá var tekið fyrir:

1. Formaður gat þess, að hann hefði fengið munnleg boð frá Sveini Gamalíelssyni frá Skeggsstöðum, þess efnis, að ef breyting yrði á mjólkurflutningum deildarinnar á þann hátt að Útibúið hætti að hafa mjólkurflutningana með höndum, þá væri hann til með að taka flutningana að sér, þó með því skilyrði, að hann fengi bil til mjólkurflutninganna. Stjórninni kom saman um, að breyta ekkert til um aðila gagnvart mjólkurflutningunum á meðan útibússtjórinn er fánlegur til að hafa flutningana með höndum, og kom stjórninni saman um að Útibúið se hinn rétti aðili sem flutningana eigi að hafa á hendi. Annars hefur enn þá ekkert verið samið um mjólkurflutningana fyrir þetta nýbyrjaða ár, er gengið út frá því að gera það nú í þessum mánuði eins og undanfarin ár, og síðan á aðalfundi deildarinnar skýrt frá þeim árángri sem næst í þeim efnum og mönnum þá gefin kostur á að koma fram með sínar tillögur viðvikjandi flutningunum.
2. Rætt um þóknun til fulltrúa á aðalfund deildarinnar. Kom stjórninni saman um að greiða kr. 20,- hverjum fulltrúa.

Fleira ekki fyrir tekið.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið.

Magnús Jónsson      Daníel Júlíusson  
 Þorleifur Bergsson

## Fundargerð

Árið 1945 föstudaginn þann 26. janúar kom stjórn mjólkursamlagsdeildar Svarfdæla ásamt Baldvin Jóhannssyni Útibússtjóra saman á fund á Dalvík.

Þetta gerðist:

1. Rætt um mjólkurflutningana til Akureyrar á þessu ári. Eins og að undanförunu tók útibússtjóri Baldvin Jóhannsson að sér að flytja mjólkina úr sveitinni til Akureyrar, svo framarlega að eitthvað komi ekki fram á aðalfundi deildarinnar sem breyti því, þar sem eðlilega verður þar um þessi mál rætt. Um flutningsgjald mjólkurinnar var hinsvegar ekki samið neitt ákveðið, en útibússtjóri lofaði því, að stylla þeim kostnaði svo í hóf sem hægt yrði.

2. Á fundinum lagði útibússtjóri fram endanlega og uppgerðan reikning frá mjólkursölunni á Dalvik frá árinu 1943, og syndi hann kr. 759.41 í ágóða, sem deildin hefur nú til umráða í kostnað er hún kann að þurfa að greiða

Fleira ekki fyrir tekið  
Fundi slitið

Magnús Jónsson                      Daníel Júlíusson  
Porleifur Bergsson

#### Fundargerð.

Ár 1945 þriðjudaginn þann. 6 febr var aðalfundur mjólkurdeildar Svarfdæla í mjólkursamlagi K. E. A. haldinn í þinghúsi hreppsins að Grund.

Formaður mjólkurnefndar Magnús Jónsson setti fundinn og styrði honum.

Skrifari kosinn Daníel Júlíusson.

Þá var tekið fyrir:

1. Lesin dagskrá fundarins.
2. Starfsemi deildarinnar á s.l. ári.

Formaður gat þess að starfsemi mjólkurnefndarinnar á s.l. ári hefði aðalega eins og að undanförunu verið innifalinn í því að sjá um flutninga á mjólkinni til Akureyrar, og taldi að flutningarnir hefðu gengið svo greiðlega sem frekast mætti vænta svo langa og erfiða leið, og hvað það mikið að þakka góðum bilstjórum og áhuga útibússtjóra sem eins og vitað er hefur flutningana með höndum.

Formaður upplýsti það mjólkurmagn sem flutt var frá deildinni s.l. ár, reyndist það vera 446,275 ½ liter, og mjólkuraukning á árinu frá því sem var 1943 – varð 70.308 ½ liter Meðalverð mjólkurinnar s.l. ár er áætlað 98 aurar á liter og eftir því meðalverði gerir öll mjólk frá Svarfdæladeild árið 1944 Krónur 438,948.-

Undir þennan lið kom fram ein fyrirspurn þess efnis hvernig mjólkurbillinn hefði borið sig fjárhagslega s.l. ár. Útibússtjóri svaraði því og kom þá inn á ymislegt fleira mjólkurflutningunum viðkomandi

3. Starfsemi deildarinnar á þessu ári:

Formaður las upp úrdrátt úr Stjórnarfundargerð frá 26 f.m., sem upplýsti að útibússtjóri hefði lofað að taka að ser mjólkurflutningana á þessu ári ef aðalfundur breytti því ekki

Um þetta atriði urðu engar skiptar skoðanir á fundinum, og töldu þeir er ræddu málið að sjálfsagt væri að útibússtjóri hefði flutningana með höndum af fram, og töldu þá í svo góðu lagi sem hægt er eftir öllum aðstæðum.

Þá var rætt um flutning á mjólkinni á sjó, þegar landflutningar væru ófærir.

Eftir undanfarandi reynslu eru sjóflutningarnir allmikið dýrari en landflutningar, og komu fram ofurlítið skiptar skoðanir hvort sá flutningsmismundur [svo. SBG] á að koma á alla fluttninga mjólkurinnar eða ekki

Tillaga kom engin fram þessu viðkomandi og málið því ekki afgreitt frekar.

Þá kom fram undir þessum umræðum að gjald það er deildinni var á aðalfundi í fyrra heimilað að taka af krónutölu fluttrar mjólkur frá deildinni var all erfitt að framkvæma vegna mikillar vinnu við þann útreikning. Samþykkt að á þessu ári greiði mjólkurbillinn Kr. 400.00 til fjármálaþarfa deildarinnar

4. Kosningar.

Einn maður í deildarstjórn í stað Magnúsar Jónssonar. Kosningu hlaut Magnús Jónsson til næstu 3ja ára

Kosning 9 fulltrúar á aðalfund mjólkursamlags K. E. A.

Þessir hlutu kosningu

Magnús Jónsson	Hrafnstaðakoti	16 atk.
Björn Jónsson	Ölduhrygg	14 -
Gunnl. Gíslason	Sökku	14 -
Helgi Símonarson	Þverá	14 -
Þorleifur Bergsson	Hofsá	13 -
Daniel Júlíusson	Syðra-Garðshorni	12 -
Jón Gíslason	Hofi	11 -
Jón Jónsson	Gröf	11 -
Þór Vilhjalmsson	Bakka	8 atkvæði með hlutkesti á milli

hans og Haraldar Stefánssonar.

Varamenn á fundinn. Haraldur Stefánsson 8 atkv. Stefán Björnsson 6 atkv. Sigurjón Kristjánsson 5 atkv. Zophonias Jonsson 5 atkv.

5. Önnur mál.

Gunnlaugur Gíslason bar það mál fram á fundinum fyrir hönd B.F. Svarfdæla að brýn nauðsyn bæri til þess að Búnaðarfélagið gæti eignast nýja og öflugra dráttarvel til jarðvinnslu og annara athafna svo sem snjómokstur að vetri.

Að framsögu ræðu lokinni lagði hann fram svohljóðandi tillögu:

- „ Aðalfundur Svarfdæladeildar Mjólkursamlags K.E.A. haldinn að Grund þ. 6/2 1945 skorar á mjólkurframleiðendur deildarinnar að leggja fram 5% af andvirði seldrar mjólkur árið 1944 er verja skal til kaupa á beltisdráttarvel með tilheyrandi verkfærum og jarðytu. Framlagið renni til Búnaðarfelags Svarfdæla og se ekki endurkræft, enda eigi felagið velina og reki hana “.

Tillagan og málið í heild var allmikið rætt og hnigu flestar umræður í þá átt að þetta mál væri nauðsynlegt að styrkja, en ekki allir á sama máli á hvern hátt fjáröflun yrði réttust og hagkvæmest í þessu efni.

Þegar umræðum var lokið var orðið það fámenn á fundinum að stjórnin sá ser ekki fært að bera tillöguna upp til afgreiðslu, en lagði til að kosin yrði 3ja manna nefnd til að koma

fram með tillögur þessu máli til framdráttar fyrir n. k. aðalfund Búnaðarfelags Svarfdæla Kosningu hlutu Jón Jónsson Gröf Björn Jónsson Ölduhrygg Stefán Björnsson Grund. Þá bar formaður fram þá tillögu hvort fundurinn væri því meðmæltur að Mjólkursamlagið tæki mjólk framvegis til vinnslu á sunnudaga, samkvæmt því sem fram kom á Mjólkursamlagsfundi s. l. vetur  
Tillagan felld í einu hljóði

Fleira ekki fyrir tekið.  
Fundu slitið.

Magnús Jónsson                      Daníel Júlíusson  
Þorleifur Bergsson

#### Fundargerð

Arið 1945 þann 12 febr kom stjórn mjólkurdeildar Svarfdæla saman á fund á Dalvík. Tilfni fundarins var að kjósa formann mjólkurstjornarinnar. Kosningu hlaut Magnús Jónsson Hrafnstaðakoti til eins árs. Fleira ekki rætt sem tilfni gaf til bókuar  
Fundu slitið.

1946
------

#### Fundargerð.

Arið 1946 þann 7 febrúar var stjórnarfundur mjólkurdeildar Svarfdæla haldinn á Dalvík. Á fundinn mættu allir úr stjórn deildarinnar og auk þess Baldvin Jóhannsson Útibússtjóri á Dalvík.

Þá var tekið fyrir:

1. Rætt um endanlegt verð á kostnaði við mjólkurflutningana til Akureyrar frá deildinni á síðastliðnu ári.  
Er það 10 aurar á liter eða sama gjald og á árinu 1944.

- Í endanlegu uppgjöri mjólkurflutninganna reyndist þetta gjald helst til litið vegna þess að allmikill auka kostnaður lagðist á flutningana svo sem, snjómokstur sjóflutningar og fl.
2. Rætt um mjólkurflutningana frá deildinni á þessu yfirstandandi ári.  
Útibússtjóri Baldvin Jóhannsson lofaði að sjá um mjólkurflutninga frá deildinni á þessu yfirstandandi ári, eins og að undanförunu og að flutningsgjaldi mjólkurinnar verði stillt svo í hóf sem frekast verður hægt eins og gert hefur verið á undanförunum árum
  3. Formaður mjólkurnefndarinnar Magnús Jónsson gat þess að 18 des. s.l. hefði hann ásamt öðrum formönnum flutninganefnda í mjólkursamlagi K. E. A. verið kvaddur á fund á Akureyri þar sem rætt var um snjómokstur á vegunum á mjólkursamlagssvæðinu.  
Kemur þetta mál nánar til umræðu á aðalfundi deildarinnar.
  4. Rætt um þóknun til fulltrúa á aðalfund mjólkursamlags K. E. A. síðastliðið ár  
Akveðið að Kr. 20.- greiðist hverjum fulltrúa.  
Fleira ekki fyrir tekið. Fundargerðin lesin upp og samþykkt  
Fundu slitið.

#### Reglur.

fyrir mjólkursamlagsdeild Svarfdæla.

##### 1. Gr.

Deildinni stjórna þrjú menn, er kallast deildarstjórn. Skulu þeir kosnir skriflegri kosningu á aðalfundi deildarinnar til þriggja ára í fyrsta sinn eftir að reglugerð þessi öðlast gildi. Síðan einn árlega.

Tvö fyrstu árin ræður hlutkesti hver gengur ur stjórn. Einn vara stjórnarnefndar mann skal og kjósa á sama tíma.

Enginn getur skorast undan að taka kosningu, og eigi er nokkur skyldur að gegna stjórnar störfum nema eitt kjörtímabil í senn. Þó má endurkjósa sérhvern svo oft sem vill ef hann skorast ekki undan kosningu.

##### 2 Gr.

Störf stjórnarinnar eru þessi:

- 1 Sjá um að flutningur faist á mjólk felagsmanna, til Mjólkursamlags K. E. A. eða sölustaða og semja um flutningskostnaðinn á hverjum tíma, ásamt eftirliti með því að flutningurinn verði felagsmönnum svo hagkvæmur er verða má
- 2 Efla og sjá um sölu mjólkur á Dalvík fyrir einstaklinga eða deildina.
- 3 a. Annast fundarhöld deildarinnar  
b. Halda felaga skrá, gerðabækur stjórnar og felagsfunda.  
c. Sjá um og ávaxta eignir er deildin kann að eignast.

### 3 Gr.

Deildarstjórnin boðar til funda og stjórnar formaður þeim.

Aðalfund skal halda í janúarmánuði ár hvert Þá skulu kosnir fulltrúar á aðalfund Mjolkursamlags K. E. A. Þá skal stjórnin einnig gefa skýrslur um afkomu mjólkurafurðanna og um eignir deildarinnar ef einhverjar eru.

Aðra fundi skal halda þegar stjórninni þykir þörf eða 10 felagar krefjast þess skriflega. Fundir skulu boðaðir þannig.: aðalfundur með 10 daga fyrirvara og aukafundir eftir þörf. Þeir eru lögmætir ef fleiri mæta en stjórnin ein. Urslitum mála a felagsfundum ræður einfaldur meiri hluti

### 4 Gr.

Reglugerð fyrir Mjólkursamslag K. E. A. ber að leggja til grundvallar fyrir starfsemi þessarar deildar í framtíðinni, nema um undanþegin sermál þessarar deildar se að ræða.

### 5 Gr.

Reglum þessum má eigi breyta nema á aðalfundi deildarinnar.